

Febrúar 2020



Ísland í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna

Stjórnarráð Íslands
Utanríkisráðuneytið



Efnisyfirlit

Útdráttur	3
Ávarp ráðherra: Það eina sem er hættulegra en að segja eitthvað er að segja ekkert	6
1. Inngangur	8
2. Mannréttindi í íslenskri utanríkisstefnu	10
3. Um mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna	13
4. Vangaveltur um framboð Íslands	15
5. Úrsögn Bandaríkjanna – böndin berast að Íslandi	18
6. Ákvörðun um framboð	20
7. Undirbúningur að þátttöku í störfum mannréttindaráðsins	22
8. Virk upplýsingamiðlun og virkt samráð	25
9. Aukin virkni í störfum ráðsins	27
10. Frumkvæði Íslands	28
11. Jafnréttismál sett á oddinn	33
12. Réttindum hinsegin fólks gert hátt undir höfði	34
13. Umbætur á starfsemi ráðsins	35
14. Fjórar fundalotur ráðsins	37
15. Lærdómur sem draga má af verkefninu	42
16. Ísland í framboð aftur?	46
17. Lokaorð	47
18. Fylgiskjöl	48
Fylgiskjal 1: Heitaskjal með áherslum Íslands	48
Fylgiskjal 2: Aðgerðir til að framfylgja skuldbindingum sem Ísland gerði í tengslum við setu í mannréttindaráðinu	56

Útdráttur

Um áramótin lauk átján mánaða langri setu Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna, þeirri fyrstu sem kjörins fulltrúa. Fullyrða má að kosning Íslands 13. júlí 2018 hafi markað tímamót enda er setan í ráðinu tvímælalaust eitt veigamesta hlutverk sem Ísland hefur gegnt á alþjóðavettvangi. Með það í huga þótti ástæða til að leggja mat á hvernig til tókst og er þessi skýrsla afrakstur vinnu sem ráðist var í við lok kjörtímabils Íslands í mannréttindaráðinu.

Í skýrslunni er rakinn aðdragandi þess að Ísland var kjörið í ráðið. 47 ríki sitja þar hverju sinni, þar af koma sjö úr hópi Vesturlanda. Kjörtímabilið er þrjú ár en þar sem Bandaríkin sögðu sig úr ráðinu á miðju kjörtímabili sínu var Ísland kjörið til að taka sæti þeirra.

Hlutur mannréttinda vaxið

Í skýrslunni er gerð tilraun til að útskýra hlutverk mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna. Rætt verður hvernig áhersla á mannréttindi hefur alltaf verið hluti af utanríkisstefnu Íslands og hvernig hlutur þeirra hefur farið vaxandi á undanförunum árum, þ.m.t. með aukinni þátttöku í starfsemi mannréttindaráðsins.

Í þeim efnum markaði þáttaskil þegar Guðlaugur Þór Þórðarson varð fyrstur íslenskra utanríkisráðherra til að sækja árlega ráðherraviku ráðsins í mars 2017 og flutti þá ávarp sem eftir var tekið. Má segja að hann hafi með öðru sambærilegu ávarpi árið eftir átt þátt í að byggja upp það traust sem þurfti til að Ísland þætti góður kostur til að fylla skarðið sem Bandaríkin skildu eftir sig sumarið 2018. Önnur skýring á því að Ísland naut stuðnings til verksins felst síðan í forystu sem Ísland hafði haft um gagnrýni á hendur Filippseyjum frá haustinu 2016. Beindist sú gagnrýni að aðferðum sem nýr forseti, Rodrigo Duterte, kaus að beita í viðleitni til að takast á við eiturfjandanda í landinu, m.a. aftökum án dóms og laga sem brjóta vitaskuld í bága við öll mannréttindaviðmið.

Skýrslan lýsir þeim undirbúningi sem hófst þegar ljóst var að Ísland hafði náð kjöri í mannréttindaráðið. Bæði þurfti að huga að því að styrkja hratt og með markvissum hætti fyrirvar gagnvart mannréttindaráðinu sem og að búa til áætlun um mál sem Ísland myndi beita sér sérstaklega fyrir meðan á setunni í ráðinu stæði og hverju Ísland hygðist reyna að áorka.

Ísland lætur að sér kveða í forystuhlutverki

Lagt var upp með að hafa virkt samráð við utanríkismálanefnd um áherslur í sérhverri fundalotu mannréttindaráðsins. Enn fremur var lögð mikil áhersla á að allt starf Íslands færi fram fyrir opnum tjöldum. Ekki þótti koma til greina að taka sæti í mannréttindaráðinu í svo skamman tíma, þ.e. aðeins hálf kjörtímabil, og sitja þar með hendur í skauti allan tímann. Íslensk stjórnvöld vildu nota tækifærið til að láta að sér kveða, efla mjög virkni sína í ráðinu og taka frumkvæði í tilteknum málum sem ástæða var til að beita sér í.

Mesta athygli vakti þegar Ísland hafði í mars 2019 frumkvæði að því að flutt var sameiginlegt ávarp 36 ríkja um ástand mannréttinda í Sádi-Arabíu. Utanríkisráðherra hafði einmitt gagnrýnt í sínum málflutningi í ráðinu bæði 2017 og 2018 að sum ríki væru eins og stikkfrí þegar kæmi að umfjöllun ráðsins. Skipti þá m.a. máli að Sádi-Arabía var kjörinn fulltrúi í mannréttindaráðinu á þessu tímabili en í leiðbeiningum um starfsemi ráðsins kemur fram að sérstakar kröfur séu gerðar til aðildarríkja ráðsins um forystu í mannréttindamálum. Ísland hafði nokkrum sinnum áður rætt í sínum landsávörpum bága stöðu kvenna í Sádi-Arabíu en þetta var í allra fyrsta sinn sem mörg ríki tóku sig saman um slíka gagnrýni.



Íþjóðlegir fjölmiðlar gerðu framgöngu Íslands í málefnum Sádi-Arabíu góð skil. Hér sést Harald Aspelund fastafulltrúi Íslands, flytja sameiginlegt ávarp 36 ríkja í ráðinu í umfjöllun CNN um málið.

Ísland hafði einnig á grundvelli fyrri forystu í málinu frumkvæði að því að mannréttindaráðið samþykkti í fyrrasumar ályktun um stöðu mannréttinda á Filippseyjum. Felur hún í sér að skrifstofa mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna þarf að leggja fram skýrslu um stöðu mála á Filippseyjum fyrir fundalotu ráðsins sumarið 2020. Í stað þess að bregðast við gagnrýninni með því að bæta ráð sitt reyndu stjórnvöld Filippseyjum að hindra að ályktunin næði fram að ganga. Svo fór þó að með góðum stuðningi líkt þenkjandi ríkja var hún samþykkt. Niðurstaðan vakti heimsathygli og var henni fagnað víða. Aftur skiptir máli að Filippseyjar sitja um þessar mundir í mannréttindaráðinu og ættu að láta sér sérstaklega annt um að sýna gott fordæmi.

Áhersla á jafnrétti og mannréttindi kvenna

Áhersla á jafnrétti og mannréttindi kvenna einkenndi málflutning Íslands í mannréttindaráðinu meðan á setunni þar stóð. Var þátttaka Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra í umræðum mannréttindaráðsins sumarið 2019 til marks um það. Mannréttindaráðið samþykkti svo í þeirri fundalotu ályktun Íslands og fleiri ríkja um jöfn laun til handa körlum og konum.

Ísland lagði einnig upp með að gera réttindum hinsegin fólks hátt undir höfði í málflutningi sínum. Þar er um viðkvæman málaflokk að ræða á vettvangi fjölþjóðasamstarfs, enda mikið verk að vinna til að stuðla að hugarfarsbreytingu meðal þjóða. Fyrir þær sakir þótti brýnt að Ísland legði sitt af mörkum og gekk það eftir.

Enn fremur lagði Ísland áherslu á að beita sér fyrir umbótum á starfsemi mannréttindaráðsins og náðist nokkur árangur í þeim efnum á tímabilinu þótt enn sé þar verk að vinna.

Með þessum hætti er reynt að varpa ljósi á starfsemi Íslands í mannréttindaráðinu í skýrslunni og meta hvort Ísland hafi náð settum markmiðum. Í lokin er gerð tilraun til að draga lærdóm af þessu sögulega verkefni.

Segja má að við úrsögn Bandaríkjanna úr mannréttindaráðinu hafi Ísland fengið einstakt tækifæri til að öðlast þar sæti án mikils tilkostnaðar eða langs aðdraganda. Mannréttindi eru hornsteinn utanríkisstefnunnar og standa Íslendingum nærri. Það sýndi sig á þessum tíma að við höfum þar góða sögu að segja og ýmislegt fram að færa.

Ísland getur haft afgerandi áhrif

Það er einnig niðurstaða þessarar skýrslu að Ísland og íslensk utanríkisþjónusta ráði fyllilega við verkefni af þessum toga. Hins vegar sýndi sig einnig hve miklu máli það skiptir að skýr vilji til að láta að sér kveða sé fyrir hendi sem og að áherslur hafi verið skilgreindar fyrirfram, með tilgreindum markmiðum og aðgerðum til að ná þeim fram.

Að sama skapi er það niðurstaða skýrslunnar að smáríki eins og Íslandi geti haft afgerandi áhrif, standi vilji þess til þess, þótt jafnvíst sé að samráð og samstarf við önnur líkt þenkjandi ríki sé þar nauðsynlegt. Loks er það niðurstaða skýrslunnar að þótt mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna sé ekki fullkomið – og gagnrýni á starf þess verður á stundum hávær – er það helsti vettvangur ríkja heims til hreinskiptinna samræðna um mannréttindamál, bæði í einstökum ríkjum sem og hvað varðar einstök málefni.

Í lokakafla skýrslunnar er horft til framtíðar og þeirri spurningu velt upp hvort ástæða sé fyrir Ísland í ljósi nýfenginnar reynslu að skoða alvarlega framboð til setu í mannréttindaráðinu á ný og þá til fulls þriggja ára kjörtímabils.

Seta Íslands í mannréttindaráðinu

90
ræður



Um 90 ræður í fjórum lotum ráðsins.

56
ríki



56 ríki tekin fyrir í jafningjarni mannréttindaráðsins.

30
fundir



30 fundir sem fastafulltrúi stýrir sem varaformaður mannréttindaráðsins.

Það eina sem er hættulegra en að segja eitthvað er að segja ekkert

Sú hugsun að við fæðumst öll frjáls og jöfn öðrum að virðingu og réttindum er greytt í mannréttindayfirlýsinguna og útfærð í grundvallarmannréttindasamningum sem flest ríki heims eru aðilar að.

Ísland er í fararbroddi þegar kemur að virðingu fyrir mannréttindum og ég er stoltur af því að horft sé til Íslands sem fyrirmyndar í þessum mála-flokki. Við erum í hópi ríkja þar sem málfrelsi og frelsi fjölmiðla er virt sem styrkir lýðræði og gerir stjórnvöldum kleift að bæta úr stöðu jaðarsettra hópa sem eiga sér rödd í samfélaginu. Íslendingar hafa tileinkað sér jákvætt viðhorf til fjölbreytileika mannlífsins og skipa jafnan efstu sæti lista sem mæla viðhorf og réttindi. Við höfum náð allra þjóða lengst að því markmiði að jafna rétt kynjanna og áfram skal haldið á sömu braut.

Þrátt fyrir að oft sé tekist á í þingheimi erum við öll sammála í grundvallaratriðum um að vinna þessum grunngildum framgang hér heima og á alþjóðavettvangi. Mannréttindi sem okkur finnast sjálfsögð eru í mörgum ríkjum ekki virt jafnvel þótt stjórnvöld séu skuldbundin samkvæmt alþjóðalögum til að tryggja frelsi og réttindi borgaranna. Ég var því þakklátur tækifærinu til að efla mannréttindastarf Íslands þegar okkur bauðst óvænt að taka sæti í mannréttindaráðinu sumarið 2018.

Kjör okkar bar að með litlum fyrirvara þegar nokkur samstarfsríki, bæði stór og smá, leituðu til Íslands og óskuðu eftir því að við tækjum sæti Bandaríkjanna við úrsögn þeirra. Þrátt fyrir það var Ísland á endanum ekki eina ríkið sem vildi láta til sín taka. Við tók snörp, óformleg kosningabaráttu sem fór að mestu fram með fundum embættismanna í Genf og New York og símtölum mínum við kollega víða um heim. Innan viku lá fyrir að Ísland hefði stuðning meirihluta vestrænu ríkjanna og var því eina ríkið sem bauð sig formlega fram til setu í ráðinu.



Við tók sleitulaus vinna þar sem mest reyndi á fólkið okkar í Genf. Einhugur ríkti um að við ætluðum okkur að hafa jákvæð áhrif á líf fólks í þeim ríkjum sem staða mannréttinda er bág. Áður en Ísland kom til skjalanna höfðu stjórnvöld í Sádi-Arabíu sloppið að mestu við gagnrýni í ráðinu og ákall eftir úttekt Sameinuðu þjóðanna á ástandinu á Filippseyjum var hávært. Við þessu varð að bregðast og Ísland leiddi hóp ríkja í gagnrýni á Sádi-Arabíu í mars 2019 og í júlí 2019 samþykkti mannréttindaráðið að frumkvæði Íslands að óska eftir skýrslu um Filippseyjar frá mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna.

Vakti framgang Íslands mikla athygli á alþjóðavettvangi og uppskárur við lof frá þeim einstaklingum og samtökum sem láta sig þessi mál sérstaklega varða. Var Íslandi ítrekað þakkað fyrir „agaða forystu sína í ráðinu“ og að með henni hafi Íslandi tekist „á áhrifaríkan hátt að fá ríki hvaðanæva úr heiminum í lið með sér“. Ísland stóð einnig vörð um réttindi kvenna, barna og hinsegin fólks. Í einu af fjölmörgum þakkarbréfum sem mér bárust var því haldið fram að aðkoma Íslands hafi skipt sköpum við að verja kyn- og frjósemisréttindi kvenna sem víða eiga undir högg að sækja.

Slíkar bréfasendingar voru mér og fólkinu okkar hvatning en ekkert hreyfði við mér eins og þær heimsóknir sem ég fékk á síðasta ári frá fólki sem hafði reynt misrétti á eigin skinni. Marissa Lazaro, móðir ungs manns sem féll fyrir hendi filippseyskra stjórnvalda án dóms og laga; María Ressa, þaulreynd og margverðlaunuð blaðakona og baráttukona fyrir fjölmiðlafrelsi og mannréttindum á Filippseyjum; Lina al-Hathloul, systir Loujain al-Hathloul sem situr í sádi-arabísku fangelsi fyrir að hafa vogað sér að keyra bíl; allar þökkuðu þær Íslandi framgöngu sína í ráðinu. „Það eina sem er hættulegra en að segja eitthvað er að segja ekkert,“ sagði ein þeirra.

Seta Íslands í mannréttindaráðinu er án efa eitt mikilvægasta verkefni sem íslensku utanríkisþjónustunni hefur verið falið og einn af hápunktum þess sem ég hef fengist við í embætti utanríkisráðherra. Verkefnið var prófsteinn á það hvernig íslenska utanríkisþjónustan tekst á við stór og vandasöm verkefni. Ef marka má umsagnir alþjóðlegra mannréttindasamtaka og stórra erlendra fjölmiðla má segja að við höfum staðist þá prófraun.

Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkisráðherra

1. Inngangur

Ísland var kjörið til setu í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna í sérstakri aukakosningu sem haldin var í allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York föstudaginn 13. júlí 2018.

Ísland hafði aldrei áður tekið sæti í mannréttindaráðinu og raunar aldrei sóst eftir því. Kosningin markaði því umtalsverð tímamót. Seti í ráðinu telst með réttu eitt veigamesta hlutverk sem Ísland hefur gegnt á alþjóðavettvangi. Þessu stutta kjörtímabili Íslands lauk svo 31. desember 2019.

Óhætt er að segja að framboð Íslands til mannréttindaráðsins hafi borið að með óvenjulegum hætti. Aðdragandinn var stuttur og kosningabaráttu einungis örfáir dagar, að svo miklu leyti sem um kosningabaráttu var að ræða. Framboðið kom til vegna þess að eitt sæti vestrænna ríkja losnaði óvænt á miðju kjörtímabili þegar Bandaríkin sögðu sig úr ráðinu og þurfti að fylla það með skömmum fyrirvara. Ísland lýsti sig reiðubúið til að axla þá ábyrgð og í hópi Vestur-Evrópuríkja og annarra á vettvangi Sameinuðu þjóðanna (WEOG-hópnum) náðist fljótt góð samstaða um það.¹



| Frá atkvæðagreiðslunni þegar Ísland var kjörið til setu í Mannréttindaráðinu.

Kosningin í allsherjarþinginu 13. júlí 2018, þar sem öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna gátu lýst vilja sínum, var af þeim sökum hálfgerð formsatriði, enda aðeins eitt ríki í kjöri.

1. Þegar talað er um Vestur-Evrópuþjóðir og önnur ríki þá vísar seinni hluti vísunarinnar til Ástralíu, Bandaríkjanna, Ísraels, Kanada og Nýja-Sjálands.

Færa má rök fyrir því að framboð Íslands hafi verið rökrétt framhald aukinnar áherslu á mannréttindi í íslenski utanríkisstefnu, auk þess sem það samræmdist vel stefnu ríkisstjórnarinnar að sækjast eftir því að axla þessa tilteknu ábyrgð. Má jafnframt segja að um einstakt og óvænt tækifæri hafi verið að ræða til að láta gott af sér leiða.

Um leið var um talsverða áskorun að ræða. Ísland var fámennasta aðildarríki Sameinuðu þjóðanna sem þá hafði tekið sæti í mannréttindaráðinu og miklu máli skipti að sýna fram á að smærri ríki gætu ráðið við verkefnið.² Að sama skapi lá alltaf fyrir af hálfu stjórnvalda að til lítils væri að sækjast eftir upphefð af þessum toga nema með þeim ásetningi að taka frumkvæði til stuðla að framgangi mannréttinda og kalla eftir umbótum þar sem mannréttindi eru fótum troðin. Stjórnvöld vildu þannig marka sér stöðu sem staðfastur málsvari mannréttinda.

Í þessari skýrslu um reynslu Íslands af setunni í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna er það mat utanríkisráðuneytisins að vel hafi tekist til í öllum megindráttum. Í grein sem Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra skrifaði í Fréttablaðið í september 2019 við lok síðustu fundalotunnar sem Ísland sótti sem kjörinn fulltrúi færði hann rök fyrir því að Íslendingar gætu verið stoltir af því hvernig til tókst. Breidd þeirrar vinnu sem fulltrúar Íslands inntu af hendi hefði verið mikil og víða komið við. „Við eigum eftir að gera betur upp setuna í mannréttindaráðinu,“ sagði svo í grein ráðherrans, „en vilji minn stendur til þess að á næstu mánuðum fari fram upplýst umræða um framgöngu okkar og árangur, um mannréttindaráðið sem stofnun, og auðvitað um mannréttindi almennt. Með því getum við skerpt enn stefnu okkar í þessum efnum og byggt á henni til framtíðar.“

Í skýrslunni er fjallað um þær aðstæður sem urðu til þess að Ísland tók án mikils fyrirvara sæti sem kjörinn fulltrúi í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna. Lýst er starfi fulltrúa Íslands meðan á setunni stóð, á grundvelli stefnumarkandi ákvarðana sem teknar voru í aðdraganda kosninganna 13. júlí 2018 og frekari útfærslna á áherslum Íslands í ráðinu í kjölfarið. Þá er leitast við að meta árangur af starfinu og horfa til framtíðar, meðal annars með því að fjalla stuttlega um hvort tilefni sé til að stefna aftur á framboð í mannréttindaráðið.

2. Ísland hélt ekki lengi titlinum fámennasta ríki til að sitja í mannréttindaráðinu því að Marshall-eyjar voru kjörnar til setu í mannréttindaráðinu í október 2019 og tóku þar sæti nú um áramót.


2. Mannréttindi í íslenskri utanríkisstefnu

Á undanförunum árum hafa mannréttinda- og jafnréttismál fengið aukið vægi í utanríkisstefnunni og Ísland hefur í vaxandi mæli tekið virkan þátt í málsvarastarfi á erlendum vettvangi í þágu mannréttinda í heiminum.

Ísland hefur á liðnum árum m.a. tekið þátt í því að vekja athygli alþjóðasamfélagsins á skorti á virðingu fyrir mannréttindum eða jafnvel kerfisbundnum mannréttindabrotum í aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna. Þá hefur verið unnið að því í samvinnu við aðrar þjóðir að tryggja framkvæmd gildandi alþjóðasamninga á sviði mannréttinda. Enn fremur ræða fulltrúar Íslands ástand mannréttinda á tvíhliða fundum með öðrum ríkjum jafnt sem fjölþjóðlegum og taka virkan þátt í leit að leiðum til úrbóta þar sem þurfa þykir. Á sviði þróunarsamvinnu fer fram margvíslegt mannréttindatengt starf þar sem Ísland styður m.a. starf mannréttindafrömuða og verkefni samtaka og alþjóðastofnana í þágu mannréttinda.

Óhætt er að fullyrða að hér heima er betur fylgst með framgöngu Íslands á erlendum vettvangi en áður var og fulltrúar utanríkisráðuneytisins eru reglulega kallaðir fyrir utanríkismálanefnd Alþingis til að gera grein fyrir stefnu stjórnvalda hverju sinni og rekja hvernig mannréttindasjónarmiðum hefur verið haldið á lofti í einstökum málum. Aðhald Alþingis er jákvætt og sama má segja um opinbera umræðu. Á hinn bóginn gerir slíkt aðhald auknar kröfur til fámennrar utanríkisþjónustu sem verður ætíð að forgangsraða verkefnum sínum, jafnan með frumáherslu á íslenska grundvallarhagsmunum.³

Rétt er að vekja athygli á tengslum þátttöku í umræðu á alþjóðavettvangi um mannréttindamál við aðstæður í mannréttindamálum hér heima. Eitt veigamesta verkefni mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna er reglubundin allsherjarúttekt mannréttinda (Universal Periodic Review, UPR), eða jafningjarýni eins og hún er stundum kölluð. Þar er farið rækilega yfir hvernig aðildarríki Sameinuðu þjóðanna framfylgja skuldbindingum sínum á sviði mannréttinda. Í kjölfar fyrirtöku á allsherjarúttekt Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna 2016 var ákveðið af hálfu stjórnvalda að setja á laggirnar sérstakan



Áherslur Íslands í mannréttindaráðinu byggja á grunni stefnuskjals frá árinu 2007 sem bar heitið Mannréttindi í íslenskri utanríkisstefnu.

3. Um hagsmunagæslu utanríkisþjónustunnar í síbreytilegum heimi og sýn til framtíðar er fjallað í sérstakri skýrslu sem kom út 2017, „Utanríkisþjónusta til framtíðar. Hagsmunagæsla í síbreytilegum heimi“, og er hún aðgengileg á vef Stjórnarráðsins: stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=ccd9f0d1-8f2c-11e7-941e-005056bc530c

stýrihópur stjórnarráðsins um mannréttindamál og hefur hann litið forystu dómsmálaráðuneytisins. Meðal verkefna stýrihópsins er að stuðla að samhæfðri utanríkis- og innanríkisstefnu í mannréttindamálum og tryggja upplýsingagjöf milli ráðuneyta og undirstofnana þeirra, upplýsingastreymi til Alþingis, sem og til ýmissa annarra aðila. Enn fremur var hópnum falið að fylgja eftir tilmælum vegna úttekta mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna á stöðu mannréttindamála hérlandis. Þannig tengist saman annars vegar alþjóðlegt málsvarastarf sem utanríkisráðuneytið sinnir og hins vegar vinna fagráðuneyta að því að tryggja réttindi borgara hér heima.

Staða mannréttinda er almennt góð á Íslandi þótt vissulega séu fyrir hendi ýmsar áskoranir í þeim efnum. Umfjöllunarefnið á vettvangi mannréttindaráðsins tengjast hins vegar gjarnan afleiðingum stríðsátaka, pólitískum ofsóknum eða kerfislægum og djúpstæðum fordómum í ríkjum þar sem lýðræði og frelsi eru stundum lítils metin. Ekki er því líku til saman að jafna. Eftir sem áður getur Ísland auðvitað lært af reynslu annarra og fullyrða má að samtal og samstarf við aðrar þjóðir á þessum vettvangi getur haft jákvæð áhrif á Íslandi.



Fáni Sameinuðu þjóðanna. Íslensk stjórnvöld vinna markvisst að aukinni virðingu fyrir mannréttindum á vettvangi alþjóðastofnana.

Ísland hefur á sviði mannréttindamála á alþjóðavettvangi byggt áherslur sínar á grunni stefnuskjals frá árinu 2007 sem bar heitið Mannréttindi í íslenskri utanríkisstefnu og var kynnt bæði Alþingi og almenningi á sínum tíma.⁴ Í umræddu stefnuskjali eru tilteknir fimmtán áherslumálaflokkar og var útgangspunkturinn sá að allir væru þeir jafn mikilvægir, enda mannréttindi algild, órjúfanleg og innbyrðis tengd. Allt á þetta enn við í dag. Óhætt er þó að segja að íslensk stjórnvöld hafi beitt sér af meiri þunga í ákveðnum málum, sem endurspeglar áherslur þeirra, s.s. kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna, réttindi barna, réttindi hinsegin fólks (LGBTI-fólks), eflingu réttarríkisins, frelsis, lýðræðis og þróunar. Markmið íslenskra stjórnvalda með virkri þátttöku í alþjóðlegum mannréttindamálum hefur í grundvallaratriðum verið að allir njóti mannréttinda, án tillits til

4. stjornarradid.is/media/utanrikisraduneyti-media/media/Utgafa/Mannrettindi_i_islenskri_utanrikisstefnu.pdf

kyns, kynþáttar, litarhafts, kynhneigðar, kynáttunar, uppruna, aldurs, tungumáls, trúar, stjórnmálaskoðana, lífsviðhorfa, fötlunar, hjúskaparstöðu eða annarra þátta.

Verkefni utanríkisráðuneytisins á sviði mannréttinda hafa verið margvísleg og snert flesta þætti utanríkisþjónustunnar. Stefnan er mörkuð og henni framfylgt á aðalskrifstofu ráðuneytisins en einnig hjá fastanefndum Íslands gagnvart Sameinuðu þjóðunum í New York (einkum þriðju nefnd allsherjarþingsins, svokallaðri mannréttindanefnd), í Genf (mannréttindaráðinu), fastanefnd Íslands hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) í Víinarborg, og á vettvangi Evrópuráðsins í Strassborg.

Fulltrúar utanríkisþjónustunnar hafa einnig rætt ástand mannréttindamála á tvíhliða fundum með einstökum ríkjum, s.s. með samstarfsríkjum í þróunarsamvinnu og öðrum vinaríkjum. Tengslin milli mannréttinda og árangurs í þróunarsamvinnu verða sífellt ljósari og þegar ráðist var í að marka nýja stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2019–2023, en hún var samþykkt af Alþingi í maí 2019, var ákveðið að hún skyldi í grundvallaratriðum vera mannréttindamiðuð. Á þeim grunni er nú lögð sérstök áhersla á mannréttindi við framkvæmd tvíhliða þróunarsamstarfs í Afríku auk þess sem Ísland styður við mannréttindi í gegnum fjölþjóðastofnanir og mannúðaraðstoð og með svæðaverkefnum.⁵ Í viðskiptamálum er enn fremur lögð sífellt meiri áhersla á mannréttindi, einkum jafnrétti kynjanna, til dæmis við gerð fríverslunarsamninga á vettvangi EFTA og á vettvangi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO). Þess ber svo jafnframt að geta að Ísland starfar náið með hinum norrænu ríkjunum og líkt þenkjandi ríkjum til að stuðla að framgangi mannréttinda í heiminum. Sama gildir um varnarmálin þar sem ályktun öryggisráðsins nr. 1325 og síðari ályktanir um konur, frið og öryggi hefur haft jákvæð áhrif á stöðu kvenna jafnt í átökum og friðarumleitunum þótt þar sé mikið verk óunnið.

5. Skýrsla um mannréttindamiða þróunarsamvinnu á vettvangi tvíhliða þróunarsamvinnu, „Mannréttindi sem drifkraftur breytinga. Mannréttindamiðuð þróunarsamvinna í tvíhliða samstarfi Íslands,“ var gefin út í maí 2019. Aðgengileg á vef Stjórnarráðsins, stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=e0392bdb-85df-11e9-943f-005056bc530c&

3. Um mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna

Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna var sett á fót árið 2006 en byggir á grunni eldri mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna sem starfaði frá 1946. Hlutverk ráðsins er að efla og vernda mannréttindi í aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna, fjalla um mannréttindabrot og beina tilmælum til einstakra ríkja um úrbætur í mannréttindamálum. Höfuðstöðvar mannréttindaráðsins eru í Genf í Sviss og þar fara fundir þess fram.

Í mannréttindaráðinu sitja 47 ríki til þriggja ára og þau eru kosin til setu í ráðinu í leynilegum kosningum í allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York. Þrettán koma frá Afríku, þrettán úr hópi Asíu- og Kyrrahafsríkja, átta úr hópi ríkja Rómönsku Ameríku og Karíbahafseyja, sjö úr hópi Vesturlanda (WEOG-hópnum svonefnda), og loks sex úr hópi Austur-Evrópuríkja.

Mannréttindaráðið fundar í þremur reglubundnum fundalotum á ári, mars, júní/júlí og september. Þær standa yfir þrjár vikur í senn nema hvað sú fjórða bætist við í marslotunni þegar utanríkisráðherrar aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna taka þátt eða aðrir æðstu fulltrúar þeirra. Jafnframt er hægt að kalla ráðið til sérstakra funda um afmörkuð brýn málefni og þarf þriðjungur aðildarríkja að samþykkja að til slíks fundar verði boðað.

Skrifstofa mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna (Office of the High Commissioner for Human Rights, OHCHR) skipuleggur fundi mannréttindaráðsins og annast framkvæmd, jafnframt því sem hún sinnir vettvangsvinnu, s.s. með því að halda úti starfsfólki á sérstökum skrifstofum í ríkjum sem þarfnast aðstoðar. Núverandi mannréttindafulltrúi SP er Michelle Bachelet, fyrrverandi forseti Chile og framkvæmdastjóri UN Women. Hefjast fundalotur ráðsins jafnan með því að mannréttindafulltrúinn flytur yfirlitsskýrslu um ástand mannréttindamála í heiminum.

Megininntak þeirrar vinnu sem felst í setu í mannréttindaráðinu byggist á því að fylgjast með mannréttindamálum, bera kennsl á mannréttindabrot ríkja og móta afstöðu til þeirra. Ráðið fjallar einnig um ástand mannréttinda í einstökum aðildarríkjum SP með áður nefndri allsherjarúttekt, eða UPR-ferlinu, og fara þrjár



Frá fundi Guðlaugs Þórs Þórðarsonar utanríkisráðherra með Michelle Bachelet, mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna, í Genf 2019

lotur allsherjarúttektarinnar fram í ráðinu ár hvert (í nóvember, janúar og maí). Í hverri lotu er fjallað um ástand mannréttinda í fjórtán ríkjum og öll aðildarríki SP þurfa að undirgangast þessa allsherjarúttekt á fimm ára fresti.

Rétt er að geta þess að þegar mannréttindaráðið leysti eldri mannréttinda-nefndina af hólmi 2006 var allsherjarúttektin eða jafningjarýnin álitin ein helsta réttarbótin þar sem tilvist hennar felur í sér að öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna þurfa, á grundvelli jafnræðisreglunnar, að gera grein fyrir framkvæmd alþjóðaskuldbindinga sinna á mannréttindasviðinu. Áður höfðu sum ríki verið svo til ábyrgðarlaus að því leytnu til og hafði það sætt gagnrýni.

Mannréttindaráðið fjallar bæði um einstök þematísk réttindamál (s.s. réttindi fólks með fötlun, kynjajafnrétti, fjölmiðlafrelsi o.s.frv.) og málefni einstakra ríkja. Á vegum mannréttindaráðsins starfa einnig sérstakir skýrslugjafar og vinnu-hópar sem heimsækja ríki, skoða stöðu mannréttinda og veita ríkjum ráðgjöf. Nefna má sem dæmi skýrslugjafa um stöðu tjáningarfrelsis, trúfrelsis, réttinda fólks með fötlun, óháðs sérfræðings um málefni hinsegin fólks og skýrslugjafa um bann við pyntingum og aftökum án dóms og laga. Umræddir sérfræðingar skila skýrslum til mannréttindaráðsins að jafnaði einu sinni á ári og fara fram gagnvirkar umræður á grundvelli þeirra. Því miður eru mörg dæmi um að ríki banni heimsóknir umræddra skýrslugjafa sem gerir verkið flóknara en kemur þó sjaldnast í veg fyrir að þeir sinni skyldum sínum með einum hætti eða öðrum.⁶

Aðildarríki mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna 2019

Afganistan	Bretland	Indland	Kúba	Rúanda	Túnis
Angóla	Búlgaríja	Írak	Lýðstjórnar- lýðveldið Kongó (DRC)	Sadí-Arabía	Úkraína
Argentína	Búrkína Fasó	Ísland	Mexíkó	Senegal	Ungverjaland
Ástralía	Chile	Ítalía	Nepal	Slóvakía	Úrúgvæ
Austurríki	Danmörk	Japan	Nígería	Sómalía	
Bahamas	Egyptaland	Kamerún	Pakistan	Spánn	
Banglades	Eritrea	Katar	Perú	Suður-Afríka	
Barein	Fíji	Kína		Tékkland	
Brasilía	Filippseyjar	Króatía		Tógó	

Fyrstu árin var aðkoma Íslands, sem áheyrnarríkis að mannréttindaráðinu, lítil sem engin. Hefð var fyrir því að fastanefnd Íslands í Genf sinnti fyrst og fremst viðskiptatengdum verkefnum, enda eru höfuðstöðvar EFTA og Alþjóðaviðskipta-stofnunarinnar (WTO) í borginni. Það hafa verið veigamikil verkefni og mikilvæg enda er þar gætt að brýnum hagsmunamálum Íslands.

Pólitískt mikilvægi þess að sinna mannréttindaráðinu sem og samstarfi við aðrar stofnanir í Genf, s.s. stofnunum Sameinuðu þjóðanna á sviði mannúðarmála og Alþjóðaráði Rauða krossins, óx hins vegar jafnt og þétt. Sem fyrr segir var mörkuð sérstök stefna um mannréttindi í utanríkisstefnunni árið 2007 og á sama tíma var sú krafa að verða æ ríkari að Ísland léti rödd sína heyrast eftir því sem efni stóðu til.

6. Til frekari glöggvunar á vinnu þessara sérfræðinga, sjá: ohchr.org/en/hrbodies/sp/pages/welcomepage.aspx

4. Vangaveltur um framboð Íslands

Norðurlöndin hafa með sér óformlegt samráð um skiptingu sæta í nefndum, stjórnnum og ráðum stofnana Sameinuðu þjóðanna. Samkomulag Norðurlandanna um reglubundið norrænt framboð til mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna hefur þó undanfarin misseri ekki verið í föstum skorðum.

Á þessu eru nokkrar skýringar en sú veigamesta er mögulega sú að Norðurlöndin hafa ekki átt sérstakri velgengni að fagna í kosningum til mannréttindaráðsins. Finnland sat eitt ár í ráðinu frá miðju ári 2006, strax í upphafi starfsemi þess, en þá var kosið um setu til eins, tveggja og þriggja ára til að hefja hringrás ríkja. Danmörk tapaði hins vegar í kosningu vorið 2007 og áform um að eitt Norðurlandanna sæti í ráðinu 2007-2010 fóru því forgörðum. Noregur fór næst fram fyrir hönd Norðurlandanna og náði settu marki, sat í mannréttindaráðinu tímabilið 2009-2012 en Svíar sem hugðust fara inn í kjölfar Norðmanna og sitja í ráðinu 2013-2015, lutu aftur á móti í lægra haldi í kosningum, líkt og Danmörk 2007.

Ekkert Norðurlandanna hafði því átt sæti í mannréttindaráðinu í rúm fimm ár þegar Ísland hlaut kosningu 13. júlí 2018. Höfðu Norðurlöndin aðeins átt þar fulltrúa fram að þeim tíma í fjögur ár samanlagt.

Það telst óneitanlega rýr afrakstur þegar haft er í huga að sjö vestræn ríki (úr WEOG-ríkjahópnum) eiga sæti í ráðinu hverju sinni. Eðlilegt má telja, m.a. í ljósi þess hversu mikið fé Norðurlöndin láta af hendi rakna til mannréttinda- og mannúðarmála og á grundvelli málsvarastarfs þeirra almennt, að Norðurlöndin sem heild stefni að því að eiga ætíð fulltrúa í mannréttindaráðinu.

Samhengisins vegna má geta þess að um svipað leyti og Svíar lutu í lægra haldi í kosningunum 2012 töpuðu Finnar í kosningum um sæti í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Í tvennum kosningum í röð hafði það því gerst að Norðurlöndunum mistókst að tryggja sér fulltrúa í Öryggisráðinu því Ísland hafði tapað 2008. Norrænu framboði í mannréttindaráðið var á sama tíma einnig hafnað. Má segja að þetta hafi haft þau áhrif að draga tímabundið úr eldmóði Norðurlandanna og sjálfstrausti eða þar til Svíþjóð var kosið til setu í Öryggisráðinu 2017 og 2018 og Íslendingar og Danir í mannréttindaráðið á árinu 2018, Ísland til átján mánaða tímabils, 2018-2019 og Danir tímabilið 2019-2021.

Ísland hefur einu sinni reynt að ná kjöri til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, haustið 2008 vegna setu í ráðinu 2009-2010, eins og vikið var að hér að framan. Íslendingar höfðu hins vegar ekki erindi sem erfiði í það sinn. Á þeim tíma sem liðinn er hefur ekki farið fram mikil umræða um hvort Ísland ætti að reyna aftur

fyrir sér á þeim vettvangi, hvorki innan utanríkisþjónustunnar né í þjóðfélaginu sem heild. Raunar hefur Ísland nú þegar gefið frá sér tækifærið til framboðs til öryggisráðsins í eitt skipti, til Finna fyrir tímabilið 2029-2030.

Ísland vekur athygli á stöðu mannréttindamála á Filippseyjum

Nýr forseti, Rodrigo Duterte, hafði verið kjörinn á Filippseyjum og tók hann til valda um mitt ár 2016. Í kjölfarið tóku fljótlega að berast fréttir um aftökur án dóms og laga í landinu sem tengdust yfirlýstu stríði Dutertes gegn eiturfyljum. Sú þróun sem hófst við valdatöku Dutertes kom mjög fljótlega til umræðu á vettvangi stofnana Sameinuðu þjóðanna, þ.m.t. hjá ýmsum óháðum sérfræðingum mannréttindaráðsins, einkum sérstökum skýrslugjafa ráðsins um aftökur án dóms og laga, franska lögfræðingnum Agnèsi Callamard.⁷ Strax í septemberlotu mannréttindaráðsins 2016 lýsti Ísland áhyggjum af nýrri stefnu á Filippseyjum í umræðum á þeim vettvangi, þá sem áheyrnarríki, sem og þegar Filippseyjar komu fyrir ráðið í tengslum við UPR-ferlið í maí 2017. Í kjölfarið ákvað hópur líkt þenkjandi ríkja að lýsa yfir sameiginlega áhyggjum sínum í ávarpi í sumarlotu mannréttindaráðsins það ár, þannig að slagkraftur skilaboðanna yrði sem mestur og varð úr að Ísland flutti ávarpið sem fyrr segir.

Þegar UPR-skýrsla Filippseyja var endanlega afgreidd frá ráðinu í september 2017 var talin ástæða til að halda málinu aftur á lofti, Ísland flutti sameiginlegt ávarp fyrir hönd næstum 40 ríkja þar sem lýst var áhyggjum og stjórnvöld á Filippseyjum hvött til samstarfs við skýrslugjafa og stofnanir Sameinuðu þjóðanna, auk þess sem lögð var áhersla á að draga þyrfti til ábyrgðar hverja þá sem staðið hefðu fyrir ódæðisverkum.

Stjórnvöld á Filippseyjum skelltu jafnan skollaeyrum við þessum tilmælum og höfðu allt á hornum sér varðandi sérstaka skýrslugjafa mannréttindaráðsins, einkum áður nefnda Agnèsi Callamard. Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra gerði það þess vegna að sérstöku umtalsefni í ávarpi sínu í mannréttindaráðinu í febrúar 2018 að það skyti skökku við að Filippseyjar sætu sem kjörinn fulltrúi Asíu- og Kyrrahafsríkja í ráðinu og hunsuðu þó öll tilmæli um það sem aflaga hefði farið heima fyrir. Kom fram í máli hans þá að ráðið þyrfti að hugleiða frekari aðgerðir, þ.m.t. samþykkt ályktunar um mannréttindaástandið, ef stjórnvöld á Filippseyjum aðhefðust ekkert.⁸

Í sumarlotu mannréttindaráðsins það sama ár, 2018, flutti fastafulltrúi síðan í þriðja sinn sameiginlegt ávarp fyrir hönd næstum fjörutíu ríkja um þessi efni.

Umræða um mögulegt framboð Íslands til mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna hefur hins vegar af og til komið upp. Sú umræða var með nokkuð formlegum hætti haustið 2012 enda var þá röðin komin að Íslandi. Frá stofnun ráðsins höfðu öll hin norrænu ríkin þá annað hvort setið í ráðinu eða boðið sig fram til setu og tapað, eins og áður var rakið. Í því sambandi var meðal annars bent á að íslensk stjórnvöld legðu vaxandi áherslu á mannréttindamál heima og

7. Sjá t.d. [theguardian.com/world/2018/mar/02/rodrigo-duterte-tells-police-not-to-cooperate-in-drug-war-investigation](https://www.theguardian.com/world/2018/mar/02/rodrigo-duterte-tells-police-not-to-cooperate-in-drug-war-investigation) og [reuters.com/article/us-philippines-duterte-un/philippines-duterte-tells-u-n-human-rights-expert-go-to-hell-idUSKCN1IZ063?utm_campaign=trueAnthem:+Trending+Content&utm_content=N5b13b77804d3011cf0005d8e&utm_medium=trueAnthem&utm_source=twitter](https://www.reuters.com/article/us-philippines-duterte-un/philippines-duterte-tells-u-n-human-rights-expert-go-to-hell-idUSKCN1IZ063?utm_campaign=trueAnthem:+Trending+Content&utm_content=N5b13b77804d3011cf0005d8e&utm_medium=trueAnthem&utm_source=twitter)

8. Utanríkisráðherra hitti starfsbróður sinn frá Filippseyjum í Genf í febrúar 2018, sbr. [stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2018/02/27/Utannrikisradherra-raeddi-mannrettindi-vid-utanrikisradherra-Filippseyja-/](https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2018/02/27/Utannrikisradherra-raeddi-mannrettindi-vid-utanrikisradherra-Filippseyja-/). Ræðu ráðherrans í fundalotu mannréttindaráðsins þá er að finna á eftirfarandi slóð: [stjornarradid.is/raduneyti/utanrikisraduneytid/utanrikisradherra/stok-raeda-utanrikisradherra/2018/02/26/Raeda-utanrikisradherra-i-mannrettindaradi-Sameinudu-thjodanna](https://www.stjornarradid.is/raduneyti/utanrikisraduneytid/utanrikisradherra/stok-raeda-utanrikisradherra/2018/02/26/Raeda-utanrikisradherra-i-mannrettindaradi-Sameinudu-thjodanna)

að heiman. Þá hafði Ísland farið í gegnum fyrstu allsherjarúttekt ráðsins 2011 og mannréttindamál voru orðin meðal mikilvægustu verkefna fastanefnda Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum, bæði í New York og Genf.

Því var ráðist í að greina kosti, galla, tækifæri og áskoranir sem fælust í framboði Íslands. Niðurstaðan var sú að taka ekki slaginn að svo stöddu en í því samhengi má nefna að um þetta leyti stóðu aðildarviðræður Íslands að Evrópusambandinu sem hæst. Þegar Ísland hafði gefið verkefnið frá sér fór fram samráð Norðurlandanna um hver tæki þá við keflinu. Ákváðu Danir árið 2013 að sækjast eftir sæti í ráðinu fyrir árin 2019-2021. Þrjú sæti voru í boði fyrir það tímabil í hópi WEOG-ríkjanna og frambjóðendurnir urðu á endanum jafn margir og sætin: Danmörk, Ítalía og Austurríki.

Ákvörðunin sem utanríkisráðherra tók 2012 þýddi samt ekki að framboð hefði verið slegið af til frambúðar. Óformleg umræða átti sér stað um mögulegt framboð til mannréttindaráðsins á næstu árum, með hliðsjón af því að umfang þátttöku Íslands í störfum þess jókst jafnt og þétt og um leið samráð og samstarf við líkt þenkjandi ríki um einstök mál. Þannig má nefna að í marslotu mannréttindaráðsins árið 2014 tók fastafulltrúi Íslands að sér að flytja ávarp fyrir hönd á þriðja tug ríkja um mannréttindaástand í Egyptalandi. Vakti ávarpið nokkra athygli enda hafði ekki áður verið fjallað um Egyptaland með jafn gagnrýnum hætti í mannréttindaráðinu.

Örfáum misserum síðar, eða í fundalotu mannréttindaráðsins sumarið 2017, tók Íslands svo að sér svipað hlutverk þegar um fjörutíu ríki sammæltust um að tala einni röddu um alvarleg mannréttindabrot sem þá höfðu átt sér stað á Filippseyjum. Má segja að þar hafi verið sáð því fræi sem síðar óx og varð til þess að til Íslands var horft þegar fylla þurfti sæti aðildarríkis í ráðinu með skömmum fyrirvara sumarið 2018.

5. Úrsögn Bandaríkjanna – böndin berast að Íslandi

19. júní 2018, sama dag og fastafulltrúi Íslands flutti áður nefnt ávarp um mannréttindaástandið á Filippseyjum tilkynntu Bandaríkin um úrsögn sína úr ráðinu. Þau höfðu verið kosin til setu í ráðinu haustið 2016 til næstu þriggja ára en skyndilega var eitt af sjö sætum WEOG-ríkjahópsins laust. Ekki voru til nein fordæmi fyrir þeirri stöðu sem þarna var komin upp en ljóst var að fylla þurfti skarðið.

Bandarísk stjórnvöld færðu ýmis fyrir ákvörðun sinni en segja má að rötin sé langvarandi óánægja með það sem ráðamenn í Washington telja eins konar einelti ráðsins gegn Ísrael. Þannig hafi það samþykkt tugi ályktana um brot Ísraelsríkis á mannréttindum og mannúðarlögum á hernumdu svæðunum í Palestínu en látið mun verri mannréttindabrot annarra ríkja nánast átölulaus. Flest vestræn ríki (Norðurlöndin, önnur Evrópuríki) hafa almennt talið mikilvægt að Bandaríkin væru innan ráðsins. Þau hafa jafnan verið ötull málsvari mannréttinda, frelsis og lýðræðis en auk þess má fullyrða að ýmislegt í gagnrýni þeirra hefur átt rétt á sér.

Í forsetatíð George Bush yngri (2001-2009) stóðu Bandaríkin utan mannréttindaráðsins vegna framangreindrar óánægju en tóku samt þátt sem áheyrnaríki. Í forsetatíð Baracks Obama var ákveðið sækjast eftir setu í ráðinu en gagnrýni yrði samt haldið áfram. Þegar Donald Trump tók við sem Bandaríkjaforseti varð hins vegar fljótlega ljóst að Bandaríkin kynnu að ganga úr ráðinu. Nikki Haley, þáverandi fastafulltrúi Bandaríkjanna hjá Sameinuðu þjóðunum, sagði tæpitungulaust í ávarpi vorið 2017 að yrðu ekki breytingar á störfum ráðsins myndu Bandaríkin hugleiða útgöngu, meðal annars vegna ójafnvægis í gagnrýni ráðsins gagnvart Ísrael annars vegar og Íran og Venesúela hins vegar.⁹ Rúmu ári síðar freistuðu Bandaríkin þess að afla stuðnings við ályktun um breytingar á ráðinu, m.a. að sérstakur umræðuliður („item 7“ eða dagskrárliður nr. 7) um Ísrael og hernumdu svæðin/Palestínu yrði afnuminn. Á endanum lögðu Bandaríkin ályktunina aldrei formlega fram, væntanlega vegna þess að þeim hafði ekki tekist að vinna henni verulegt brautargengi. Í staðinn tilkynntu Bandaríkjamenn, eins og áður hefur komið fram, úrsögn úr mannréttindaráðinu 19.

CNN politics



US leaving UN Human Rights Council -- 'a cesspool of political bias'

By Laura Koran, CNN

Updated 1102 GMT (1902 HKT) June 20, 2018



Source: CNN

Haley: Human Rights Council a cesspool of bias 00:53

Washington (CNN) — US Ambassador to the United Nations Nikki Haley announced the United States is withdrawing from the UN Human Rights Council Tuesday, accusing the body of bias against US ally Israel and a failure to hold human rights abusers accountable.

9. Sjá t.d. bbc.com/news/world-us-canada-40173472

júní 2018.¹⁰ Hefur ákvörðun núverandi valdhafa um úrsögn þýtt algera fjarveru Bandaríkjanna úr mannréttindaráðinu, þ.e. fulltrúar þess sitja enga fundi þess sem áheyrnarríki þótt þeim sé það vitaskuld heimilt.

Í kjölfar afsagnarinnar hófst umræða á vettvangi fastanefnda WEOG-ríkjanna í Genf um viðbrögð við brotthvarfi Bandaríkjanna. Kastljósið beindist þá fljótt að Íslandi og sú hugmynd var orðuð að Ísland gæfi kost á sér til að fylla skarðið og sitja í ráðinu í það hálf ári annað ár sem eftir lifði af kjörtímabili Bandaríkjanna.

Málflutningur Guðlaugs Þórs Þórðarson utanríkisráðherra mun hafa haft hér áhrif en ávarp hans í 37. fundalotu ráðsins í febrúar 2018 vakti slíka athygli alþjóðlegra mannréttindasamtaka að ein þau stærstu, International Service for Human Rights, fengu leyfi til að birta það í heild sinni á vefsíðu sinni.

Þar lagði hann áherslu á að eitthvað væri bogið við það að aðildarríki mannréttindaráðsins væru sum hver sjálf ber að grófum mannréttindabrotum. Beina þyrfti kastljósinu að aðildarríkjunum sérstaklega, enda væri þeim ætlað að sýna fordæmi í mannréttindamálum. Vísaði ráðherra til Venesúela, Filippseyja, Egyptalands og Sádi-Arabíu í þessu sambandi en öll áttu ríkin þá sæti í mannréttindaráðinu en hefðu með réttu fremur átt að vera á dagskrá þess, miðað við þann skort á virðingu fyrir mannréttindum sem einkenndi stjórnarfar þeirra.¹¹

Hinu má einnig velta fyrir sér hvort skorað hefði verið á Ísland að gefa kost á sér ef ekki hefði komið til áður nefnt frumkvæði í málefnum Filippseyja.¹² Má segja að forystan í því máli hafi í fyrsta lagi vakið athygli á virkri þátttöku Íslands í ráðinu sem áheyrnarríki og í öðru lagi þótt sýna að Ísland væri í stakk búið til að taka sæti í mannréttindaráðinu.

Að síðustu má nefna að hugsanlega skipti formennska Íslands í mannréttindanefnd (þriðju nefnd) allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna í New York veturinn 2017-2018 einnig máli. Það var í fyrsta skipti í yfir fimmtíu ár sem Ísland tók að sér formennsku í einni nefnda allsherjarþingsins og þótti formennskan heppnast vel. Ísland leiddi enn fremur farsællega til lykta samningaviðræður aðildarríkjanna um endurskipulagningu mannréttindakerfis Sameinuðu þjóðanna 2012-2014.

10. Nikki Haley lét þau orð falla við það tækifæri að mannréttindaráðið væri „a cesspool of political bias“; sbr. [theguardian.com/world/2018/jun/19/us-quits-un-human-rights-council-cesspool-political-bias](https://www.theguardian.com/world/2018/jun/19/us-quits-un-human-rights-council-cesspool-political-bias)

11. Greinina sem ráðherra skrifaði fyrir vefsíðu ISHR má finna hér: [ishr.ch/news/hrc-members-human-rights-council-must-lead-example-and-uphold-highest-standards-protection](https://www.ishr.ch/news/hrc-members-human-rights-council-must-lead-example-and-uphold-highest-standards-protection)

12. Sameiginlegu yfirlýsinguna sem Ísland flutti í mannréttindaráðinu 19. júní 2018 má finna hér: stjornarradid.is/sendiskrifstofur/fastanefnd-islands-i-genf/raedur/stok-raeda/2018/06/19/Raeda-Islands-um-astand-mannrettindamala-a-Filippseyjum

6. Ákvörðun um framboð

Að morgni dags 20. júní 2018 gerðist það á göngum mannréttindaráðsins í Genf að fulltrúar nokkurra ríkja komu á framfæri við fulltrúa íslensku fastanefndinni áskorun um að Ísland tæki að sér leysa þann vanda sem upp var kominn. Hugmyndin vakti áhuga enda hafði verið til umræðu innan utanríkisráðuneytisins hvort og þá hvenær Ísland ætti að hugleiða framboð til mannréttindaráðsins. Hér gæfist tækifæri sem þyrfti að hugleiða vandlega, m.a. vegna þess að hvorki yrði um langa né kostnaðarsama kosningabaráttu að ræða. Það var einnig mat sérfræðinga að líklegt væri í ljósi aðstæðna að sátt næðist innan WEOG-hópsins um aðeins einn frambjóðanda.

Til grundvallar lá sú staðreynd að fá ríki innan WEOG-hópsins voru yfirhöfuð undir það búin að taka ákvörðun með svo skömmum fyrirvara. Ekkert Norðurlandanna hafði til dæmis tök á því að taka slaginn. Svíþjóð stóð í ströngu í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og Noregur stóð í miðri kosningabaráttu um sæti á sama vettvangi 2021-2022. Danir voru þegar í framboði til setu í mannréttindaráðinu vegna kosninga sem áttu að fara fram haustið 2018 og fyrir lá að Finnar hygðust fara í framboð í kjölfar þeirra, haustið 2021. Eflaust hefur þeim ekki heldur hugnast að stökkva til í svo stuttan tíma.

Áherslurnar voru hefðbundnar að mörgu leyti. Ísland myndi tala fyrir jafnrétti kynjanna, réttindum hinsegin fólks (LGBTI) og leggja áherslu á málefni barna. Þá yrðu tengsl umhverfismála og mannréttinda sett í öndvegi.

Hér kann að einnig að hafa skipt máli að í lítilli stjórnslu eins og þeirri íslensku eru boðleiðir stuttar og ákvarðanatataka oft hröð. Staðan sem var komin upp var kynnt utanríkisráðherra strax þennan sama dag, 20. júní 2018, og hann hafði í kjölfarið samráð við forsætisráðherra. Utanríkismálanefnd Alþingis var upplýst um málið nokkrum dögum síðar en í millitíðinni hafði fastafulltrúa Íslands í Genf verið heimilað að lýsa yfir áhuga Íslands við önnur WEOG-ríki ef um það gæti náðst sátt. Að lokinni óformlegri skoðanakönnun innan hópsins náðist samstaða um að Ísland yrði eitt í framboði af hans hálfu í atkvæðagreiðslu í allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 13. júlí 2018.¹³

Venja er að ríki sem fara í framboð til mannréttindaráðsins leggi fram skjal, þar sem reifuð eru áhersluatriði viðkomandi ríkis í mannréttindamálum (e. voluntary pledge), ef til setu í mannréttindaráðinu kæmi. Þrátt fyrir skamman fyrirvara lá skjalið fyrir strax þriðjudaginn 26. júní og því var dreift til allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna um leið og lá fyrir að Ísland nyti stuðnings WEOG-hópsins

13. Sjá: stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2018/06/29/Samstada-um-ad-Island-taki-saeti-i-mannrettindaradi-STh

til framboðsins. Áherslurnar voru hefðbundnar að mörgu leyti. Ísland myndi tala fyrir jafnrétti kynjanna, réttindum hinsegin fólks (LGBTI) og leggja áherslu á málefni barna. Þá yrðu tengsl umhverfismála og mannréttinda sett í öndvegi.

Einnig hét Ísland því að beita sér fyrir umbótum á starfi mannréttindaráðsins, m.a. með tilliti til þeirra atriða, sem orðið höfðu til þess að Bandaríkin viku úr ráðinu.¹⁴

Þótt Ísland væri eitt í kjöri var framkvæmd kosninganna með hefðbundnum hætti. Frambjóðendum býðst til dæmis að sækja fundi með alþjóðlegum mannréttindasamtökum og fulltrúum aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna og svara spurningum þeirra og annarra um áherslur í mannréttindamálum. Venjulega sitja fyrir svörum fulltrúar tíu til tólf ríkja en óvenjulegar kringumstæður þýddu að fulltrúar Íslands sátu einir fyrir svörum á fundi sem haldinn var í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York 12. júlí. Í atkvæðagreiðslunni sjálfri daginn eftir var Ísland síðan kosið til setu í mannréttindaráðinu, hlaut 172 atkvæði en 178 ríki tóku þátt í atkvæðagreiðslunni.¹⁵

Utanríkisráðherra var viðstaddur atkvæðagreiðsluna. Í grein sem mannréttindasamtökin International Service for Human Rights birtu á vefsíðu sinni fyrir kjörið hafði hann lýst þeim ásetningi íslenskra stjórnvalda að gera sitt besta til að standa vörð um algild mannréttindi meðan á setu Íslands í mannréttindaráðinu stæði.¹⁶

kjarninn



Innlent

Ísland kjörið í mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna

Ísland var í dag kjörið í mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna með 172 af 178 greiddum atkvæðum í kosningum sem fóru fram í allsherjarþingi SP í New York.

Ritstjórn Kjarnans 13. júlí 2018



Utanríkisráðherra var viðstaddur kosninguna í mannréttindaráðið. STJÓRNARRÁÐID.

14. Sjá: government.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=5cda7bf2-8e87-11e8-942a-005056bc4d74

15. Sjá: stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2018/07/13/island_i_mannrettindarad

16. Sjá: ishr.ch/news/human-rights-council-membership-responsibility-we-will-not-take-lightly eða hér: government.is/news/article/2018/07/16/International-Service-for-Human-Rights-Opinion-Human-Rights-Council-membership-A-responsibility-we-will-not-take-lightly

7. Undirbúningur að þátttöku í störfum mannréttindaráðsins

Auk fastafulltrúa störfuðu við fastanefndina tveir útsendir sérfræðingar og útsendur sendiráðsfulltrúi utanríkisþjónustunnar ásamt staðarráðnum sérfræðingi og ritara. Verkefni hennar höfðu lengi fyrst og fremst tengst viðskiptamálum en eftir að krafa jókst um þátttöku í störfum mannréttindaráðsins og samstarf við aðrar alþjóðastofnanir í Genf, einkum á sviði mannúðarmála, varð ljóst að bregðast þurfti við sérstaklega. Fastanefndin hafði því fyrir nokkrum misserum verið styrkt með ráðningu staðarráðsins sérfræðings sem sinnti þeim málum.

Einnig kom eftir atvikum fulltrúi að heiman til að veita fastanefndinni tímabundinn liðstyrk í fundalotum mannréttindaráðsins og efla tengslin milli starfseminnar í Genf og ráðuneytinu sjálfu.

Við það að taka sæti í mannréttindaráðinu jókst umfang verkefna tengdum mannréttindaráðinu umtalsvert. Samþykkt var í ríkisstjórn í ágúst 2018 að veita 95 milljónum króna

aukalega til verkefnisins en stærsti kostnaðarþátturinn tengdist styrkingu fastanefndar í Genf. Brugðið var á það ráð strax í kjölfar kosningarinnar 13. júlí að styrkja fastanefndina með því að færa mannréttindasérfræðing fastanefndar Íslands í New York til starfa í Genf.

Þessu til viðbótar var ákveðið að gera samkomulag við Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands um að hún veldi starfsnema úr hópi áhugasamra háskólanema sem yrðu fastanefndinni til aðstoðar á meðan á fundalotum mannréttindaráðsins stæði. Var gengið út frá því að viðkomandi myndu tryggja að ávallt væri einhver í sæti Íslands í fundarsal mannréttindaráðsins auk þess að sinna ýmsum einfaldari verkefnum. Vonast var til að þetta samstarf gæti einnig borið efnislegan ávöxt, s.s. með því að stuðla að fræðilegum ritgerðarsmíðum og þekkingarsköpun á vettvangi háskólans. Þá var ljóst að efla þyrfti mannréttindastarf



Fulltrúar Íslands í fyrstu fundalotu mannréttindaráðsins sem Ísland sótti sem kjörinn meðlimur. Frá vinstri: Nína Björk Jónsdóttir varafastafulltrúi, Edda Björk Ragnarsdóttir sérfræðingur, Þorvarður Atli Þórssón sendiráðunautur, Davíð Logi Sigurðsson, deildarstjóri mannréttinda í utanríkisráðinu, og Harald Aspelund, fastafulltrúi Íslands í Genf.

Í utanríkisráðuneytinu meðan Ísland sæti í ráðinu og gera ráð fyrir að fulltrúi úr ráðuneytinu yrði með starfsliði fastanefndar meðan á fundalotum þess stæði frá og með september 2018. Einnig þyrfti að tryggja gott samráð milli fastanefndanna í Genf og New York. Aukafjárveiting ríkisstjórnar átti að standa straum af öllu ofangreindu en einnig gerði hún ráð fyrir því að starfsemi skrifstofu mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna, OHCHR, yrði styrkt sérstaklega á tímabilinu.

Ákveðið var að Ísland færi inn í sína fyrstu fundalotu í mannréttindaráðinu – þeirri 39. frá stofnun þess – fyrst og fremst með það markmið að átta sig vel á verkefninu, vinnuálagi og heppilegri verkaskiptingu. Þótt beðið yrði með sérstakt frumkvæði þar til 2019, tók Ísland frá byrjun virkan þátt í umræðum og beitti sér með þeim hætti sem almennt má gera kröfu um að aðildarríki geri umfram áheyrnarríki. Kynjajafnrétti og réttindi kvenna, réttindi barna og réttindi hinsegin fólks voru gegnumgangandi í málflutningi Íslands þar sem það átti við á grundvelli þeirra áherslna sem búið var að móta.

Fyrstu mánuðirnir voru jafnframt nýttir til að útfæra frekar þær áherslur sem lagðar höfðu verið fram með áhersluskjali sem áður var nefnt. Tilteknar aðgerðir voru tengdar hverju meginmarkmiði eða áhersluþætti sem væru til þess fallnar að halda umræddu málefni á lofti. Lokið var við fyrstu drög að skjalinu í aðdraganda fyrstu fundalotu Íslands en endanleg útgáfa lá fyrir í byrjun október 2018. Var þar búið að skilgreina eftirfarandi 22 markmið undir sex kaflaheitum:

A. Almennt um setu Íslands

1. Stuðla að umræðum á Íslandi um mannréttindi og mannréttindaráðið og um skuldbindingar sérhvers aðildarríkis SP
2. Stefnumótun um mannréttindi í íslenskri utanríkisstefnu
3. Stóraukin virkni í mannréttindaráðinu
4. Ísland beiti sér sérstaklega vegna stöðu mannréttinda í einstökum ríkjum.
5. Taka virkan þátt í jafningjarýni (allsherjarúttekt) SP (UPR)
6. Sýna áhrif menningar og lista á baráttuna fyrir mannréttindum

B. Jafnrétti og valdefling kvenna

7. Kynna íslenska jafnlaunastaðalinn og hvetja önnur ríki til að grípa til aðgerða til að tryggja jöfn laun kynjanna
8. Styðja aðgerðir til að draga úr ofbeldi gegn konum
9. Hvetja til þátttöku karla og drengja í jafnréttisstarfi
10. Stuðla að því að jafnréttismál séu tekin upp sem víðast, með áherslu á kyn- og frjósemisheilbrigði og -réttindi

C. Virðing fyrir réttindum LGBTI-einstaklinga

11. Tala fyrir réttindum LGBTI-einstaklinga
12. Styðja starf SP í málefnum LGBTI-einstaklinga
13. Auka samstarf við önnur ríki um réttindi LGBTI-einstaklinga

D. Réttindi barna og ofbeldi gegn börnum

14. Styðja aðgerðir gegn ofbeldi gegn börnum
15. Kynna starf Íslands fyrir barnvænu réttarkerfi
16. Hvetja til samstarfs þvert á stofnanir þegar kemur að barnaverndarmálum sem hafa rétt barna að leiðarljósi

E. Skilvirkt og árangursríkt mannréttindaráð

17. Sýna fram á getu smárikja til að taka þátt í starfi mannréttindaráðsins og undirstrika mikilvægi þátttöku þeirra
18. Styðja og hvetja til endurbóta á starfsháttum mannréttindaráðsins
19. Efla samráð og samstarf þriðju nefndar allsherjarþings SP og mannréttindaráðsins

F. Áhrif umhverfisbreytinga, þ.m.t. loftlagsbreytinga, á mannréttindi

20. Styðja aðgerðir til að takast á við áhrif umhverfismála á mannréttindi og öfugt, þ.m.t. loftlagsbreytingar
21. Tala fyrir þátttöku almennings í umhverfismálum
22. Styðja aukna vernd þeirra sem berjast fyrir mannréttindum tengdum umhverfismálum

Heitaskjalið sjálf, sem lagt var fram á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og er á ensku, fylgir þessari skýrslu sem fylgiskjal nr. 1 en fylgiskjal nr. 2 er hins vegar á íslensku og geymir þá markmiðasetningu og lista yfir þær aðgerðir sem taldar eru upp hér að framan og miða áttu að því að ná umræddum markmiðum. Í kjölfar þess að Ísland hvarf úr ráðinu um síðustu áramót var ráðist í að meta hvort öll meginmarkmið hafi náðst og fylgir niðurstaða þeirrar úttektar í sama fylgiskjali, nr. 2. Hér á eftir eru þó reifuð nokkur atriði úr markmiðasetningunni sérstaklega og gerð grein fyrir því hvernig þeim var fylgt eftir á meðan á setu Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna stóð.

8. Virk upplýsingamiðlun og virkt samráð

Á grundvelli markmiðs nr. 1 í aðgerðaáætlun (fylgiskjal nr. 2) var reynt að standa fyrir umræðu og stunda virka upplýsingamiðlun um mannréttinda-ráðssetuna á öllum vígstöðvum. Sú stefna var mörkuð í nafni gagnsæis og upplýsingamiðlunar að öll ávörp sem Ísland flytti á fundum mannréttindaráðsins yrðu gerð aðgengileg á vef Stjórnarráðsins.¹⁷ Var síðast efnt til málþings í Háskóla Íslands á alþjóðlegum degi mannréttinda, 10. desember 2019 þar sem efnt var til samtals við erlenda sérfræðinga um stöðu mannréttinda í heiminum, um mannréttindaráðið sem helsta vettvang umræðu um mannréttindi og um framgöngu Íslands í ráðinu.¹⁸

Það var enn fremur afstaða utanríkisráðuneytisins að mikilvægt væri að halda utanríkismálanefnd Alþingis vel upplýstri um störf Íslands á vettvangi mannréttindaráðsins. Fulltrúar utanríkisráðuneytisins funduðu þannig með nefndinni í aðdraganda allra fjögurra fundalotanna sem Ísland tók þátt í sem kjörinn meðlimur ráðsins, kynntu fyrir nefndinni helstu mál á dagskrá ráðsins og hverjar áherslur Íslands yrðu hverju sinni.



Lina Al-Hathloul, baráttukona fyrir mannréttindum í Sádi-Arabíu, tók þátt í málþingi sem haldið var í Háskóla Íslands tilefni af mannréttindadeginum 10. desember. Hér ræðir hún við Svein H. Guðmarsson, upplýsingafulltrúa utanríkisráðuneytisins, á málþinginu.

Utanríkisráðherra kom sjálfur á fund utanríkismálanefndar til að greina frá áherslum Íslands í aðdraganda 40. fundalotu ráðsins í mars 2019 enda lá þá fyrir að Ísland myndi hafa frumkvæði að sameiginlegri yfirlýsingu fjölda þjóða

17. Stífar reglur gilda um ræðutíma í mannréttindaráðinu og er hann sjaldnast lengri en 180 sekúndur fyrir aðildarríki. Yfirleitt er því um stutt innlegg að ræða í umræður sem eiga sér skýran ramma, eða þar sem skýrslur tiltekinnna sérfræðinga á vegum ráðsins liggja til grundvallar. Ávörpin er að finna hér: stjornarradid.is/sendiskrifstofur/fastanefnd-islands-i-genf/raedur

18. Sjá: stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2019/12/10/Althjodamannrettindadagurinn-haldinn-hatidlegur-med-malthingi/

um mannréttindaástand í Sádi-Arabíu. Góður stuðningur var við þau áform í nefndinni. Ráðherrann hafði áður upplýst ríkisstjórn um málið, m.a. með tilliti til þess hversu hart stjórnvöld í Sádi-Arabíu höfðu brugðist við gagnrýni sem utanríkisráðherra Svíþjóðar setti fram 2015 og gagnrýni utanríkisráðherra Kanada í ágúst 2018. Í aðdraganda 41. lotunnar sumarið 2019 var jafnframt gerð grein fyrir því að Ísland hygðist leggja fram tvær ályktanir, aðra um mannréttindi á Filippseyjum og hina um jöfn laun karla og kvenna. Þá var tilkynnt um þátttöku forsætisráðherra í fundalotu ráðsins. Enn fremur kallaði utanríkismálanefnd eftir frekari skýringum á afstöðu Íslands í atkvæðagreiðslum í marslotunni 2019 og var sérstaklega við því brugðist.¹⁹ Þetta nána samráð við utanríkismálanefnd reyndist vel og áhugi og almennur stuðningur nefndarmanna var vel þeginn.

Samráð við önnur ráðuneyti fór af hálfu utanríkisráðuneytisins einkum fram á vettvangi funda stýrihóps stjórnarráðsins um mannréttindi en samráð við frjáls félagasamtök í formi sérstakra funda. Ástæða er til að nefna sérstaklega reglulega fundi með Íslandsdeild Amnesty International sem hvatti stjórnvöld til dáða, m.a. í málefnum Sádi-Arabíu og Filippseyja.

Á vettvangi í Genf fundaði fastanefnd Íslands reglulega með fulltrúum Amnesty International, Human Rights Watch og International Service for Human Rights, svo aðeins stærstu alþjóðlegu mannréttindasamtökin séu nefnd. Almenn ánægja var hjá þeim með þá virkni sem Ísland sýndi og vilja íslenskra stjórnvalda til að láta til sín taka.²⁰

Virk upplýsingamiðlun fór einnig fram í formi greina-skrifa og ræðuhalda en telja má til a.m.k. tíu ræður eða greinar sem utanríkisráðherra flutti eða skrifaði í dagblöð eða vefmiðla á tímabilinu sem fjölluðu alfarið eða að mestu leyti um mannréttindaráðssetuna. Þá ræddu ráðherrar og embættismenn þessi mál við ýmis önnur tækifæri, s.s. á fundum í Háskóla Íslands og víðar.

vísir
VALMYND ☰

Segir Ísland sanna að smáríki geta verið leiðtogar á heimsvísu

Stefán Rafn Sigurbjörnsson skrifar
🕒 15. maí 2019 12:15 👍 Líkar þetta 126



„Tilfinningin var að Bandaríkin væru að afsala sér leiðtogahlutverki sínu,“ John Fisher, framkvæmdarstjóri Genfarskrifstofu Mannréttindavaktarinnar (Human Rights Watch), um brotthvarf Bandaríkjanna úr Mannréttindaráði Sameinuðu Þjóðanna í fyrra. Ísland var í kjölfarið kjörið í sæti Bandaríkjanna.

„Við vorum hrædd um að fleiri ríki myndu fylgja Bandaríkjunum úr ráðinu. Staðreyndin varð þó sú að þegar Ísland tók yfir sæti Bandaríkjanna sýndi

19. Mannréttindaráðið birtir sjálft yfirlit um niðurstöðu atkvæðagreiðslna á vefsíðu sinni.

20. Þetta má t.d. merkja á því að John Fisher, framkvæmdastjóri skrifstofu Human Rights Watch í Genf, heimsótti Ísland í maí 2019, eftir að Ísland hafði farið fyrir gagnrýni á Sádi-Arabíu í mars-lötu mannréttindaráðsins, og fór jákvæðum orðum um frammistöðu Íslands, jafnframt því sem hann hvatti Íslendinga til enn frekari dáða. Sjá t.d. [visir.is/g/2019190519322/segir-island-sanna-ad-smariki-geta-verid-leidtogar-a-heimsvisu](https://www.visir.is/g/2019190519322/segir-island-sanna-ad-smariki-geta-verid-leidtogar-a-heimsvisu)

9. Aukin virkni í störfum ráðsins

Eðlileg krafa til aðildarríkja mannréttindaráðsins er að þau séu trúverðugir málsvarar mannréttinda og taki ábyrgð sína alvarlega. Ísland sýndi þetta í verki, s.s. með því að vera virkt í helstu umræðum, standa vörð um mannréttindi, stuðla að framþróun mannréttinda og hvetja til og stuðla að framkvæmd mannréttindaskuldbindinga.

Þegar allt er talið saman var Ísland aðili að yfir eitt hundrað ávörpum eða sameiginlegum yfirlýsingum í þessum fjórum fundalotum ráðsins sem það tók þátt í sem aðildarríki.

Flest þeirra voru flutt í nafni Íslands eingöngu en á annan tug voru flutt í nafni Norðurlandanna allra (af Íslandi eða einhverju hinna norrænu ríkjanna) og enn fleiri í nafni Norðurlanda og Eystrasaltsríkja (NB8). Þetta er í samræmi við þá áherslu sem lögð er á að eiga gott samráð og samstarf við NB8-ríkin, m.a. í formi sameiginlegra ávarpa. Þá átti Ísland hlut að fjölda annarra ávarpa sem flutt voru í nafni minni eða stærri ríkjahópa, þ.m.t. það sem Ísland flutti í nafni 36 ríkja um mannréttindaástand í Sádi-Arabíu í marslotunni 2019.

Ísland tók enn fremur fullan þátt í öllum fundum vegna allsherjarúttekta á mannréttindamálum í einstökum ríkjum, en UPR-loturnar voru fjórar talsins á tímabilinu og náðu til fimmtíu ríkja. Lögð var áhersla á að gefa eins og kostur væri á tilmæli sem snertu jafnréttismál og réttindi kvenna annars vegar og réttindi LGBTI-fólks hins vegar sem og afnám dauðarefsingar þegar við átti.

Í þeim tilgangi að sýna fulla virkni sem aðildarríki og láta gott af sér leiða sóttist Ísland enn fremur eftir því að vera fulltrúi WEOG-ríkjahópsins í stjórn mannréttindaráðsins á árinu 2019. Úr varð að fastafulltrúi Íslands, Harald Aspelund, var kjörinn varaforseti ráðsins og hann stýrði því fundum í lotum ársins 2019 til jafns við forseta þess og aðra varaforseta.

Loks var snemma ákveðið að stefna á þátttöku fleiri ráðherra úr ríkisstjórn í störfum mannréttindaráðsins en utanríkisráðherra. Ákveðið var að forsætisráðherra tæki þátt í sumarlotu ráðsins 2019 þegar tveir starfsdagar ráðsins yrðu helgaðir jafnréttismálum. Félags- og barnamálaráðherra kom einnig til Genfar í marslotunni og tók þátt í sérstakri umræðu um mannréttindi barna. Þar gafst m.a. tækifæri til að beina kastljósinu að góðu starfi Íslands í málefnum barna, s.s. með tilkomu Barnahúss. Þannig tók Bragi Guðbrandsson, fyrrverandi forstjóri Barnaverndarstofu og núverandi fulltrúi í barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna, virkan þátt í umræðum.

10. Frumkvæði Íslands

Vilji stjórnvalda stóð til þess að Ísland sýndi með virkum hætti að það ætti fullt erindi í mannréttindaráðið þrátt fyrir að vera minnsta ríkið sem tekið hefði sæti í ráðinu. Engu skipti í þessu sambandi að aðeins hálf kjörtímabil gæfist til að láta að sér kveða en við eðlilegar kringumstæður hefði blasað við þriggja ára kjörtímabil, alls níu eiginlegar fundalotur.

Í þessu samhengi þótti sjálfsagt og eðlilegt að Ísland beitti sér fyrir því að fá samþykka ályktun – þá fyrstu sem Ísland hefði lagt fram í ráðinu – á sviði jafnréttismála, hornsteini málafylgju Íslands í mannréttindamálum. Rétt er að áréttta í þessu sambandi að ríki þurfa ekki að eiga sæti í mannréttindaráðinu til að geta lagt fram ályktun þar, áheyrnarríki mega það einnig. Ísland hafði hins vegar ekki áður stigið það skref og þótti vel við hæfi að gera það að eins konar hápunktum setunnar í mannréttindaráðinu.

Úr varð að leggja fram, í samstarfi við fleiri ríki, Alþjóðavinnuáráðstofnunina (ILO) og UN Women ályktun um jöfn laun karla og kvenna. Það var gert í júnílotunni 2019 en sumarlotur ráðsins eru gjarnan með jafnréttisáherslur í forgrunni. Ályktunin var samþykkt án atkvæðagreiðslu og voru meðflutningsríkin um sjötíu.²¹ Hún áréttar margar mikilvægar aðgerðir til að styðja við jöfn laun, allt frá mikilvægi fjölskylduvænna aðgerða, s.s. feðra-, mæðra- og foreldraorlof, leikskóla og annarrar slíkrar þjónustu við barnafjölskyldur, til nýrra aðgerða á borð við jafnlaunastaðla og launakannanir. Ályktunin kveður einnig á um sérstakan dag hjá Sameinuðu þjóðunum sem helgaður er jöfnum launum karla og kvenna. Í kjölfarið ákvað allsherjarþing SP að sá dagur verði 18. september ár hvert.²²

Fyrirfram stefndu stjórnvöld einnig að frumkvæði í málefnum einstakra ríkja. Ísland hafði nokkru fyrir tekið að sér ákveðið forystuhlutverk í málefnum Filippseyja og önnur líkt þenkjandi ríki litu til Íslands að halda þeim bolta áfram á lofti. Þar sem óvíst var hvort önnur ríki hefðu verið tilbúin til þess virtist blasa við að Ísland yrði að stíga skrefið til fulls með ályktun um mannréttindaástand á Filippseyjum. Að öðrum kosti myndi málið falla niður sem hefði sent slæm skilaboð til mannréttindabryóta.

21. Ályktunina sjálfa má finna hér: stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=b933ff89-a4c0-11e9-9443-005056bc4d74

22. Sjá stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2019/11/15/Althjodlegur-jafnlaunadagur-ad-frumkvaedi-Islands



Mannréttindavaktin fagnar hugrekki Íslands

Kristinn Haukur Guðnason skrifar

© 12. júlí 2019 06:30

Líkar þetta 14



Laila Matar, sérfræðingur í málefnum Filippseyja.

MANNRÉTTINDAVAKTIN

Ályktun Íslands um stöðu mannréttinda á Filippseyjum var samþykkt í Mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna í gær. Talið er að ríkisstjórn

Texti ályktunardragna sem Ísland lagði fram var hófsamur og fól í sér að mannréttindaráðið myndi lýsa formlega yfir áhyggjum af ástandinu á Filippseyjum. Viðurkennt var að bregðast yrði yfir fíkniefnavandanum en stjórnvöld í landinu hvött til að endurskoða aðferðir sínar, stöðva aftökur án dóms og laga og draga þá til ábyrgðar sem hafa staðið fyrir slíku. Enn fremur var farið fram á að stjórnvöld á Filippseyjum sýndu skrifstofu mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna og stofnunum mannréttindaráðsins fullan samstarfsvilja. Loks var mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna falið að standa fyrir skýrslugerð um stöðu mannréttindamála á Filippseyjum og leggja fyrir mannréttindaráðið að ári liðnu, þ.e. í júnílotu ráðsins 2020.

Í hefðbundnum samningaviðræðum um ályktunardrögin sem fram fóru í fyrstu tveimur vikum sumarlotu mannréttindaráðsins komu fram ábendingar um úrbætur á textanum og voru margar þeirra teknar til greina og gerðar viðeigandi breytingar. Fulltrúar Filippseyja komu til fyrsta samningafundar og mótmæltu þar málatilbúnaðinum en gengu síðan á dyr. Þeir léðu aldrei máls á því að hófsöm ályktun yrði samþykkt með þeirra samþykki, eins og þó eru dæmi um á vettvangi mannréttindaráðsins þar sem ráðið vinnur með viðkomandi ríki að því að gera úrbætur.²³

Þegar atkvæði voru greidd um ályktunina 11. júlí 2019 fóru leikar þannig að átján aðildarríki ráðsins samþykktu ályktunina, fimmtán sátu hjá og fjórtán voru á móti.

ABST	AFGHANISTAN	YES	CZECH REPUBLIC	YES	PERU	
NO	ANGOLA	ABST	DEMOCRATIC REPUBLIC OF CONGO	NO	PHILIPPINES	
YES	ARGENTINA	YES	DENMARK	NO	QATAR	
YES	AUSTRALIA	NO	EGYPT	ABST	RWANDA	
YES	AUSTRIA	NO	ERITREA	NO	SAUDI ARABIA	
YES	BAHAMAS	YES	FUJI	ABST	SENEGAL	
NO	BAHRAIN	NO	HUNGARY	YES	SLOVAKIA	
ABST	BANGLADESH	YES	ICELAND	NO	SOMALIA	
ABST	BRAZIL	NO	INDIA	ABST	SOUTH AFRICA	
YES	BULGARIA	NO	IRAQ	YES	SPAIN	
ABST	BURKINA FASO	YES	ITALY	ABST	TOGO	
NO	CAMEROON	ABST	JAPAN	ABST	TUNISIA	
ABST	CHILE	YES	MEXICO	YES	UKRAINE	
NO	CHINA	ABST	NEPAL	YES	UNITED KINGDOM OF GREAT BRITAIN AND NORTHERN IRELAND	
YES	CROATIA	ABST	NIGERIA	YES	URUGUAY	
NO	CUBA	ABST	PAKISTAN			
	YES	18	ABST	15	NO	14

Þiðurstöður atkvæðagreiðslu í mannréttindaráðinu um ályktun Íslands og fleiri ríkja um stöðu mannréttinda í Filippseyjum.

23. Um framgöngu fulltrúa Filippseyja, sjá: opinion.inquirer.net/122418/phs-disinformation-campaign-in-geneva

Viðbrögð filippseyskra stjórnvalda létu ekki á sér standa. Fastafulltrúi Filippseyja í mannréttindaráðinu brást strax harkalega við og Teodoro Locsin yngri, utanríkisráðherra landsins, hafnaði ályktuninni einnig alfarið með nokkuð kjarnyrtu orðalagi. Rodrigo Duterte forseti tjáði sig jafnframt sjálfur með nokkuð skrautlegum hætti um ályktunina þar sem hann gerði ísát Íslendinga að umtalsefni.²⁴ Mannréttindasamtök hrósuðu hins vegar Íslandi fyrir að standa vaktina í þessu mikilvæga máli.²⁵ Það gerði einnig filippseyska fjölmiðlakonan Maria Ressa en hún hefur sætt ofsóknum heima fyrir vegna þess að fjölmiðafyrirtæki hennar, Rappler, hefur fjallað á gagnrýninn hátt um valdatíð Dutertes. Ressa, sem heimsótti Ísland í nóvember 2019, lagði áherslu á að frumkvæði Íslendinga og samþykkt ályktunarinnar í júlí hefði skipt miklu máli. Hvatti hún þá til að halda áfram að tala skýrt og skorinort, rödd Íslands hefði vægi á alþjóðavettvangi.

Í kjölfar morðsins á blaðamanninum Jamal Khashoggi í ræðisskrifstofu Sáði-Arabíu í Istanbul í Tyrklandi haustið 2018 leiddi skoðun í ljós að mörg ríki voru sammála um að kominn væri tími til að fjallað yrði um mannréttindaástand í Sáði-Arabíu með afgerandi hætti. Hins vegar var ekki augljóst hver vildi axla þá ábyrgð að leiða þá gagnrýni.

Hér kom enn á ný á daginn að það getur haft ákveðna kosti að vera smærra ríki sem þorir, getur og vill. Ísland hafði frumkvæði að sameiginlegri yfirlýsingu um Sáði-Arabíu í marslotu mannréttindaráðsins og þurfti ekki til þess neina hvatningu.

Það hafði nokkrum sinnum áður gert bágborið ástand mannréttindamála þar að umtalsefni í ræðum í ráðinu, sérstaklega með tilliti til stöðu kvenna.²⁶ Að sjálf-sögðu var þó haft náið samráð við önnur líkt þenkjandi ríki í aðdragandanum og þegar til kastanna kom skipti það verulegu máli.

Í sameiginlegu ávarpi sem Ísland flutti fyrir hönd 36 ríkja 7. mars 2019 var fram- ganga stjórnvalda í Sáði-Arabíu gagnrýnd harðlega, meðal annars að baráttu- fólk fyrir mannréttindum, þ.m.t. auknum réttindum kvenna, væri handtekið og fangelsað án dóms og laga. Þá fordæmdu ríkin morðið á blaðamanninum Jamal Khashoggi og undirstrikuðu mikilvægi þess að standa vörð um málfrelsi hvar- vetna í heiminum. Þess var krafist að fram færi sjálfstæð og óhlutdræg rannsókn á morðinu og hinir ábyrgu dregnir til ábyrgðar. Ríkjahópurinn gagnrýndi



Maria Ressa: Ályktun Íslands mikilvæg

© 13.07.2019 - 15:15

Einn þekktasti fréttamaður Filippseyja, Maria Ressa, segir ályktun Íslands sem samþykkt var í Mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna á fimmtudag mikilvæga fyrir mannréttindabaráttu á Filippseyjum og annars staðar. Ressa hefur verið í fararbroddi þeirra sem berjast á heimsvísu fyrir frjálsum og óháðum fjölmiðlum og hefur fjallað ítarlega um mannréttindabrot stjórnvalda á Filippseyjum undanfarin ár. Forseti Filippseyja hæddist að Íslandi fyrir ályktunina.

24. Sjá t.d. dfa.gov.ph/dfa-news/statements-and-advisoriesupdate/23804-statement-of-philippine-foreign-affairs-secretary-teodoro-l-locsin-jr-on-the-adoption-of-the-iceland-resolution-by-the-human-rights-council og [washingtonpost.com/world/2019/07/12/philippines-duterte-icelands-criticism-his-drug-war-they-just-go-about-eating-ice/?utm_term=.7fb9249ef815](https://www.washingtonpost.com/world/2019/07/12/philippines-duterte-icelands-criticism-his-drug-war-they-just-go-about-eating-ice/?utm_term=.7fb9249ef815)

25. Sjá t.d. [hrw.org/news/2019/07/30/un-action-philippines-glimpse-hope-and-justice](https://www.hrw.org/news/2019/07/30/un-action-philippines-glimpse-hope-and-justice) og mbl.is/frettir/innlent/2019/08/25/alyktun_islands_braut_isinn/ og ruv.is/frett/vill-binda-enda-a-drapin-a-filippseyjum

26. Sjá t.d. stjornarradid.is/sendiskrifstofur/fastanefnd-islands-i-genf/raedur/stok-raeda/2018/09/18/Raeda-i-umraedu-um-lond-sem-tharfnast-serstakrar-athugunar

jafnframt að hryðjuverkalög væru notuð til að réttlæta handtökur fólks sem ekkert hefðu til sakar unnið en einungis nýtt sér grundvallarmannréttindi. Sérstaklega var kallað eftir því að tíu nafngreindir einstaklingar, þar af níu konur, yrðu leystir úr haldi.²⁷

Ekki varð ljóst fyrr en um morguninn hversu mörg ríki myndu á endanum gerast aðilar að yfirlýsingunni. Fjöldi meðflutningsríkja sýndi hins vegar glögg að fullt tilefni væri til að gera málinu skil í ráðinu. Frumkvæði Íslands vakti heimsathygli og var fjallað um ávarpið í öllum útbreiddustu fréttamiðlum heims. Mannréttindasamtök fögnuðu einnig framgöngu Íslands, með ávarpinu hefði eindregin stuðningsyfirlýsing verið send þeim sem berjast fyrir mannréttindum í Sádi-Arabíu.²⁸

Í sumarlotunni 2019 var mannréttindaástandið í Sádi-Arabíu áfram til skoðunar en þá fór fram sérstök umræða um skýrslu Agnésar Callamard, sérstaks skýrslugjafa Sameinuðu þjóðanna um aftökur án dóms og laga, um morðið á Khashoggi. Fulltrúi Noregs flutti þar sameiginlega ræðu allra NB8-ríkjanna, þ.m.t. Íslands.²⁹ Í septemberlotunni tók Ástralía svo síðan við keflinu þegar ástralski fulltrúinn flutti aðra sameiginlega yfirlýsingu fjölda ríkja í líkingu við þá sem Ísland hafði flutt í mars.³⁰ Því má segja að mannréttindabrot stjórnvalda í Sádi-Arabíu hafi aldrei verið jafn mikið til umfjöllunar í mannréttindaráðinu og 2019 og gera má því skóna að forysta Íslands hafi haft þar afgerandi áhrif.

Á mannréttindadeginum, 10. desember 2019, stóð utanríkisráðuneytið, ásamt Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands og Mannréttindaskrifstofu Íslands fyrir málþingi um ástand mannréttindamála í heiminum, með sérstakri vísun til setu Íslands í mannréttindaráðinu og árangurs af henni. Aðalræðuna flutti Lina al-Hathloul en systir hennar, Loujain al-Hathloul, var ein af tíu einstaklingum sem getið var sérstaklega í sameiginlegu yfirlýsingunni sem Ísland flutti mannréttindaráðinu í mars. Lina þakkaði kærlega fyrir þann stuðning sem hún og fjölskylda hennar hefðu fundið með frumkvæði Íslands og síðan Ástralíu, benti á að sjö af þeim tíu sem getið var í yfirlýsingunni hefðu



OPINION / WOMEN'S RIGHTS

It's high time to hold Saudi Arabia to account on women's rights

Saudi Arabia has just committed to abolishing the male guardianship system. Let's make sure these are not hollow words.

by Taif Alkhudary & Catherine Anderson

14 Mar 2019



Jailed Saudi women's rights activist Loujain al-Hathloul is seen in this undated handout picture [Marieke Wijnntjes/Handout via Reuters]

Today, [Saudi Arabia](#) once again committed to abolishing the male guardianship system.

In a statement before the United Nations Human Rights Council (HRC) in Geneva, the Saudi authorities responded to the recommendations made as part of its Universal Periodic Review (UPR) in November 2018.

27. Sjá ávarpið hér: stjornarradid.is/sendiskrifstofur/fastanefnd-islands-i-genf/raedur/stok-raeda/2019/03/07/Sameiginlegt-avarp-um-mannrettindaastandid-i-Sadi-Arabiu

28. Sjá t.d. bbc.com/news/world-middle-east-47482779 og washingtonpost.com/gdpr-consent/?destination=8%2fworld%2feurope%2f36-western-states-air-concerns-over-rights-in-saudi-arabia%2f2019%2f03%2f07%2fcdd0aee-40d2-11e9-85ad-779ef05fd9d8_story.html%3futm_term%3d.48bc98002f81 og edition.cnn.com/2019/03/07/middleeast/saudi-arabia-criticism-intl/index.html?utm_medium=social&utm_term=image&utm_source=twCNN&utm_content=2019-03-07T16%3A10%3A03 og ishr.ch/news/hrc40-human-rights-council-stands-saudi-women-human-rights-defenders og hrw.org/news/2019/03/07/un-call-free-saudi-women-activists

29. Sjá stjornarradid.is/sendiskrifstofur/fastanefnd-islands-i-genf/raedur/stok-raeda/2019/06/26/Avarp-i-umraedu-um-skyrslu-um-aftokur-an-doms-og-laga

30. Sjá stjornarradid.is/sendiskrifstofur/fastanefnd-islands-i-genf/raedur/stok-raeda/2019/09/23/Avarp-um-stodu-mannrettinda-i-Sadi-Arabiu

síðan verið látin laus. Lýsti hún þeirri von sinni að Loujain, sem setið hefur í fangelsi síðan hún var numin á brott í Sameinuðu arabísku furstadæmunum í maí 2018, gæti einnig um frjálst höfuð strokið fyrr en síðar.

Úr umsögnum um framgöngu Íslands í mannréttindaráðinu



We saw Iceland's principled leadership in action, bringing about the adoption of a resolution putting the human rights situation in the Philippines on the UN agenda.

Úr bréfi Amnesty International til Guðlaugs Þórs Þórðarsonar utanríkisráðherra, 19. ágúst 2019



The support of Iceland has been extremely important in preserving the consensus on such important matters in Geneva.

Úr bréfi Monica Ferro, framkvæmdastjóra Mannfjöldasjóðs Sameinuðu þjóðanna, til Haralds Aspelund, fastafulltrúa Íslands í Genf, 18. desember 2019



It is with the deepest gratitude that we write to congratulate you for Iceland's steadfast leadership on the resolution on the Philippines adopted at the UN Human Rights Council on Thursday 11 July. The resolution has already brought hope to human rights defenders, survivors, and victims throughout the Philippines, and represents a critical step forward for accountability for the drug war killings and other serious violations in the country.

Úr bréfi Mannréttindavaktarinnar til Guðlaugs Þórs Þórðarsonar utanríkisráðherra, 12. júlí 2019



... historic statement led by Iceland ... calling on Saudi Arabia to release arbitrarily detained women's rights activists.

Al Jazeera, 14. mars 2019



... in a landmark initiative on Thursday in the United Nations' top human rights body.

New York Times, 7. mars 2019



It's an important step in ensuring accountability...

Agnes Callamard, sérfræðingur í mannréttindamálum og sendifulltrúi hjá Sameinuðu þjóðunum, um ávarp Íslands og 36 annarra ríkja um Sádi-Arabíu í samtali við Reuters fréttastofuna, 7. mars 2019



Iceland presented the first ever joint statement on Saudi Arabia, and successfully presented a much-needed resolution mandating reporting on thousands of extrajudicial killings and other rights concerns in the Philippines.

Human Right Watch í umsögn um starf mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna á árinu 2019

11. Jafnréttismál sett á oddinn

Þótt góð sátt hafi skapast um það á Íslandi að leggja áherslu á jafnrétti kynjanna er rétt að nefna að jafnréttismál reynast oft erfið viðureignar á vettvangi fjölþjóðasamstarfs, þar með talið í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna. Áskoranirnar eru margar og erfiðar og lúta þær bæði að því að viðhalda núverandi skuldbindingum og þó ekki síður hinu að ná fram frekari skuldbindingum.



| Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra ásamt fastanefnd Íslands í Genf. Frá vinstri: Nína Björk Jónsdóttir, Davíð Logi Sigurðsson, Harald Aspelund, Katrín Jakobsdóttir, Sandra Lyngdorf, Þorvarður Atli Þórsson og Vala Bjarney Gunnarsdóttir.

Ekki kom þó annað til greina en að Ísland legði sitt af mörkum. Þátttaka forsætisráðherra í sumarlotu mannréttindaráðsins 2019 hefur þegar verið nefnd en auk þess að ávarpa ráðið sérstaklega sem ríkisstjórnaroddviti aðildarríkis Sameinuðu þjóðanna tók Katrín Jakobsdóttir þátt í pallborðsumræðum um jafnréttismál og hliðarviðburðum og fundaði með háttsettum embættismönnum stofnana Sameinuðu þjóðanna.

Jafnréttismál voru ávallt í forgangi hjá fulltrúum Íslands meðan á setu Íslands í mannréttindaráðinu stóð. Þegar hefur verið fjallað um jafnlaunaályktun Íslands sem lögð var fram í júnilotu ráðsins og samþykkt þar án atkvæðagreiðslu (sjá kafla 10). Eins og fram hefur komið miðuðust tilmæli sem Ísland setti fram í allsherjarúttektum ríkja, UPR-ferlinu, ætíð við stöðu kvenna og jafnrétti kynjanna. Í sumarlotunni 2019 tók Ísland einnig að sér að verja ályktun Kanada um ofbeldi gegn konum fyrir breytingartillögum þegar til atkvæðagreiðslu kom en Kanada sem áheyrnaríki hafði ekki atkvæðisrétt eins og kjörnir fulltrúar. Sama má segja um ályktun Nýja-Sjálands og annarra um mæðradauða sem Ísland tók að sér að verja í atkvæðagreiðslu í septemberlotunni 2018.

12. Réttindum hinsegin fólks gert hátt undir höfði

Áhersla var einnig lögð á að stíga þar fram fyrir skjöldu í réttinda-baráttu hinsegin fólks en rétt er að undirstrika að málefni þessa hóps eru mjög viðkvæm á vettvangi mannréttindaráðsins. Brýnt er talið að standa vörð um þann árangur sem þegar hefur náðst og stuðla að enn meiri framförum en um leið er mikilvægt að stíga ekki of fast til jarðar og eiga þá á hættu að bakslag komi í baráttuna. Í næstum sjötíu ríkjum heims gilda enn lög sem banna samkynhneigð og sums staðar er um dauðasök að ræða.

Ærið verk er því fyrir höndum ef breyta á hugarfari á heimsvísu og mikilvægt að ríki séu tilbúin til að axla þá ábyrgð, líkt og Ísland hefur lagt sig fram um. Benda má á í því sambandi að í allsherjarúttekt á stöðu mannréttindamála í fjórtán aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna í maí 2019 bar ekkert ríki upp fleiri tilmæli er snertu LGBTI-réttindi en Ísland.

Í sumarlotunni 2019 studdi Ísland dyggilega ályktun um endurnýjun umboðs óháðs sérfræðings mannréttindaráðsins um réttindi hinsegin fólks. Hún var samþykkt með 27 atkvæðum en sjö voru á móti og tólf sátu hjá. Þótti jákvætt að aukinn stuðningur var nú við embættið, ef miðað er við atkvæðagreiðslu í ráðinu þremur árum fyrir þegar því var fyrst komið á fót.³¹

Óháða sérfræðingnum, Victor Madrigal-Borloz, var boðið til Íslands í september til að standa fyrir umræðum um málaflökkinn hér heima og hann flutti bæði opinberan fyrirlestur og fundaði með fagfólki, s.s. á sviði heilbrigðismála, með biskupi Íslands og fulltrúum Samtakanna 78.

Loks skal nefnt að um það leyti sem sumarlotu mannréttindaráðsins hófst greindi utanríkisráðherra frá fjárframlagi íslenskra stjórnvalda til Free & Equal, verkefnis sem rekið er á vegum skrifstofu mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna (OHCHR) og stuðlar að vitundarvakningu á heimsvísu um réttindi LGBTI-fólks.³²

vísir
VALMYND ☰

Pyndingar á hinsegin fólki risastórt vandamál heimsins

Kristinn Haukur Guðnason skrifar
© 26. ágúst 2019 08:15



Victor Madrigal-Borloz, sérfræðingur hjá MYND/ADSEND
Mannréttindaráði SP í málefnum hinsegin fólks.

Victor Madrigal-Borloz, sérfræðingur Mannréttindaráðs SP í málefnum hinsegin fólks, kemur til landsins í boði utanríkisráðuneytisins og Háskóla Íslands í byrjun september. Mun hann flytja ávarp í háskólanum og kynna sér hvernig íslenskar stofnanir og fyrirtæki hafa beitt sér fyrir því að hinsegin fólk sé velkomið á vinnustaðnum.

31. Um verkefni óháða sérfræðingsins (en formlegur starfstíll hans er á ensku: UN Independent Expert on Protection against violence and discrimination based on sexual orientation and gender identity), sjá: [ohchr.org/EN/Issues/SexualOrientationGender/Pages/VictorMadrigalBorloz.aspx](https://www.ohchr.org/EN/Issues/SexualOrientationGender/Pages/VictorMadrigalBorloz.aspx)

32. Sjá fréttatilkynningu: stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2019/06/23/Threttan-milljonum-varid-til-verkefnis-STh-til-studnings-hinsegin-rettindum

13. Umbætur á starfsemi ráðsins

Á grundvelli markmiða Íslands um umbætur á starfsemi mannréttindaráðsins tók fastafulltrúi Íslands að sér að leiða, sem einn varaforseta mannréttindaráðsins, umræður um frekari úrbætur á skipulagi og dagskrá ráðsins í fundalotum og yfir árið allt. Afrakstur þeirrar vinnu leit dagsins ljós undir lok ársins en þá samþykkti mannréttindaráðið tillögur Íslands og Rúanda um sérstakt átak til hagræðingar í starfi þess.

Tillögurnar sem lagðar voru fram í nafni forseta mannréttindaráðsins, Senegalans Coly Seck, voru afrakstur umfangsmikillar yfirferðar, þar sem m.a. var haft samráð við fulltrúa flestra ríkja heims. Þær gera ráð fyrir breyttum vinnuaðferðum og skipulagi sem áætlað er að muni leiða til u.þ.b. tólf prósent fækkunar funda án þess að draga úr skilvirkni ráðsins. Er um að ræða mestu breytingar á starfi ráðsins frá 2011.³³ Má segja að mikilvægi þessa frumkvæðis blasi við þegar haft er í huga að Sameinuðu þjóðirnar standa frammi fyrir umtalsverðum lausafjárvanda og því mikilvægt að allt starf þess sé sem hagkvæmast.

Eins og lagt var upp með lagði Ísland sitt af mörkum til þess að leiða í jákvæðan farveg umræður um t.d. brotthvarf hins sérstaka dagskrárliðs, nr. 7, um málefni Ísraels og Palestínu. Þetta var gert bæði með óformlegum samtölum og við atkvæðagreiðslu í mars 2019 þegar ályktanir undir þessum dagskrárlið komu til afgreiðslu. Ísland hefur fyrir sitt leyti ekki hikað við að gagnrýna framgöngu ísraelskra stjórnvalda, til dæmis landtöku á palestínsku landsvæði, en jafnframt bent á að slíkt megi gera án þess að fyrir hendi sé fastur dagskrárliður um þau mál. Ekkert annað ríki eða landsvæði heyrir undir sérstakan dagskrárlið af þessu tagi enda hafa verið færð fyrir því rök að ójafnvægið sem í þessu felst hafi skaðað orðspor mannréttindaráðsins. Umleitanir Íslands skiluðu hins vegar ekki tilætlunum árangri á tímabilinu og er ljóst að ríkari vilji þarf að vera fyrir hendi hjá öðrum ríkjum og ríkjahópum til að ná fram varanlegum breytingum í þessu efni.



Stjórnarráð Íslands



13. desember 2019 / Utanríkisráðuneytið

Mannréttindaráðið samþykkir tillögur Íslands um hagræðingu



UN Photo/Jean-Marc Ferré

Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna hefur samþykkt tillögu Íslands og Rúanda um sérstakt átak til hagræðingar í starfi þess. Slíkar ákvarðanir ráðsins eru lagðar fram af forseta ráðsins en Ísland og Rúanda hafa leitt samningaviðræður um slíka hagræðingu síðastliðið ár.

Tillögurnar eru afrakstur umfangsmikillar yfirferðar undanfarna mánuði á skipulagi ráðsins þar sem rætt var m.a. við fulltrúa flestra ríkja heims. Þær gera ráð fyrir breyttum vinnuaðferðum og skipulagi funda ráðsins sem mun leiða til u.þ.b. tólf prósent fækkunar funda án þess að draga úr skilvirkni ráðsins. Er um að ræða mestu breytingar á starfi ráðsins um árabíl.

33. Sjá fréttatilkynningu: stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2019/12/13/Mannrettindaradid-samthykkir-tillogur-Islands-um-hagraedingu

Utanríkisráðherra hafði einnig gert að umtalsefni þá staðreynd að þau ríki sem hvað oftast hafa setið í mannréttindaráðinu væru ekki endilega þau sem teldust fremstu málsvarar mannréttinda í heiminum. Eðlilegt væri að gera þá kröfu til kjörinna aðildarríkja að þau fari á undan með góðu fordæmi, séu talsmenn mannréttinda og hafi þau í hávegum heima fyrir. Það er raunar gert í ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna sem formlega markaði stofnun mannréttindaráðsins, nr. 60/251 frá 2006.

Þá var lögð áhersla á að halda því á lofti að öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna ættu að fá tækifæri til að sitja í mannréttindaráðinu. Kjörnir fulltrúar í ráðinu væru 47, sem er um fjórðungur aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna. Eðlilegt væri að smærri ríki fengju líka tækifæri til að láta að sér kveða ef þau kærðu sig um.

Það skyti því skökku við að sum meðalstór ríki væru ítrekað í mannréttindaráðinu meðan önnur minni ríki sem erfiðara ættu með að fara í umfangsmikla og mögulega kostnaðarsama kosningabaráttu kæmust þar aldrei á blað. Vakti ráðherra máls á því í ræðu í mannréttindaráðinu í febrúar 2019 að unnið yrði að eins konar hringrás sem gæfi öllum ríkjum tækifæri til að setjast í ráðið.³⁴

Umræðum um umbætur á mannréttindaráðinu er engan veginn lokið. Þótt Ísland hafi átt þátt í bæta skipulag og dagskrár ráðsins er of snemmt að segja til um hvort hægt verði að hnika öðrum málum á næstu misserum. Vísbendingar eru um að þróunin gæti orðið jákvæð en viðfangsefnið er hins vegar hvort tveggja í senn, mjög tæknilegt og afar pólitískt.

Lönd sem hafa oftast setið í mannréttindaráðinu

5x 2 lönd	Filippseyjar og Indland	
4x 15 lönd	Argentína, Bangladess, Brasilía, Bretland, Indónesía, Japan, Katar, Kína, Kúba, Mexíkó, Nígería, Pakistan, Sádí-Arabía, Suður-Afríka, Suður-Kórea	
3x 19 lönd	Angóla, Barein, Búrkína Fasó, Chile, Ekvador, Frakkland, Gabon, Gana, Holland, Ítalía, Kamerún, Perú, Rússland, Senegal, Sviss, Tékkland, Úkraína, Úrúgvæ, Þýskaland	
2x 30 lönd		2019 hafa Norðurlöndin setið í ráðinu í sex ár samanlagt.
1x 48 lönd	Þar á meðal Ísland, Danmörk, Finnland og Noregur	
0x 79 lönd	Að setu Ástralíu lokinni mun CANZ hópurinn (Kanada, Ástralía, Nýja-Sjáláland) hafa setið í ráðinu í sex ár samanlagt.	Þegar Ísland var kjorið var það fámennasta landið sem setið hafði í ráðinu. Önnur lönd með undir milljón íbúa sem setið hafa í ráðinu eru Barbados, Djíbútí, Fíji, Maldívur, Marshallseyjar og Svarfjallaland.

34. Sjá ræðu ráðherra: stjornarradid.is/raduneyti/utanrikisraduneytid/utanrikisradherra/stok-raeda-utanrikisradherra/2019/02/25/
Raeda-Islands-i-fertugustu-fundalotu-mannrettindaradi-Sameinudu-thjodanna

14. Fjórar fundalotur ráðsins

Fyrsta fundalotan sem Ísland sat sem aðildarríki mannréttindaráðsins, septemberlotan 2018, var athyglisverð fyrir margra hluta sakir. Mannréttindaráðið afgreiddi þá 23 ályktanir og bar einna hæst sérstök ályktun um mannréttindaástandið í Mjanmar. Í henni var kveðið á um áframhaldandi starf rannsóknarnefndar á vegum ráðsins og hvatt til að ásökunum um þjóðarmorð á Róhingjum yrði vísað til dómstóla. Ráðið samþykkti einnig nýja ályktun um Venesúela en yfir tvær milljónir höfðu flúið ástandið þar mánuðina á undan. Ekki síst skipti máli að helstu nágrannaríki Venesúela voru á meðal þeirra sem stóðu að ályktuninni.

Áhugavert er að rifja upp í þessu samhengi að þegar Bandaríkin tilkynntu úrsögn sína úr mannréttindaráðinu höfðu þau gert sérstaklega að umtals-efni að engin ályktun hefði verið samþykkt í ráðinu um mannréttindaástand í Venesúela.



| Harald Aspelund, fastafulltrúi Íslands og varaforseti mannréttindaráðsins, stýrir fundi.

Í þessari 39. fundalotu mannréttindaráðsins voru einnig samþykktar ályktanir um stöðu mála í Jemen þar sem þúsundir höfðu látist vegna stríðátaka og hungursneyð vofði yfir. Jafnframt voru samþykktar ályktanir um þverlæg málefni líkt og réttinn til vatns, öryggi blaðamanna og jafnan rétt til þátttöku í stjórnmálum.

Eins og áður segir var fyrsta lotan notuð til að ýta úr vör aðild Íslands að mannréttindaráðinu en þó var tónninn gefinn hvað varðaði viljann til að gera sig gildandi þegar Ísland tók að sér að bera upp ályktun Nýja-Sjálands og annarra um mæðradauða. Þar sem Nýja-Sjáland var ekki kjörinn fulltrúi í mannréttindaráðinu þurftu Nýsjálendingar stuðning ríkis í ráðinu. Í ályktuninni var lögð mikil áhersla á kyn- og frjósemisheilbrigði og réttindi sem tengjast því. Þessi mál eru jafnan umdeild og því eru breytingartillögur oft lagðar fram í ráðinu þegar þau koma til kasta þess. Egyptar og Rússar gerðu þannig tilraun til að fjarlægja vísanir til kynfræðslu úr texta ályktunarinnar. Ísland bað um atkvæðagreiðslu á breytingartillögunni og var henni hafnað með afgerandi hætti. Þetta var í

fyrsta skipti sem Ísland hefur beðið um atkvæðagreiðslu á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og viðeigandi að slíkt hafi verið gert til að verja ályktun um þetta lykilmálefni.

Fulltrúar Íslands fluttu alls fjórtán ávörp í umræðum en þar fyrir utan átti Ísland aðild að fjórum norrænum ræðum, fimm ræðum sem fluttar voru í nafni NB8-ríkjahópsins og auk þess einni sem fjallahópurinn svokallaði (Ástralía, Ísland, Kanada, Liechtenstein, Noregur, Nýja-Sjáland og Sviss) flutti sameiginlega. Að auki tóku fulltrúar Íslands til máls eftir því sem þurfa þótti við atkvæðagreiðslur.

Í 40. fundalotu mannréttindaráðsins sem haldin var í mars 2019 voru afgreiddar alls 39 ályktanir. Þar bar einna hæst ályktun um mannréttindaástandið í Níkaragva en einnig var samþykkt sérstök ályktun um barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem varð þrjátíu ára á árinu. Enn fremur lagði Ísland lóð á vogarskálar hvað varðaði samþykkt tveggja mikilvægra ályktana.

Önnur sneri að vernd baráttufólks fyrir mannréttindum sem tengja má umhverfismálum. Hin fjallaði um konur og stúlkur í íþróttum en með henni var rétturinn til að ráða yfir eigin líkama áréttaður í mannréttindaráðinu, að einstaklingar eigi ekki að þurfa að undirgangast ónauðsynlegar lækniáðgerðir og íhlutanir á líkama sínum. Um leið var viðurkennd í fyrsta skipti sú mismunun sem fólk með óhefðbundin kyneinkenni verður fyrir. Ísland studdi þessa sögulegu ályktun sem Suður-Afríka bar upp með virkum hætti og hjálpaði til við að vinna henni brautargengi. Stuðningi Íslands við að tryggja afgreiðslu ályktunnarinnar var sérstaklega fagnað af ILGA, helstu regnhlífasamtökum hinsegin fólks á heimsvísu.³⁵ Þá voru samþykktar ályktanir um málefni Írans, Sýrlands, Suður-Súdan, Ísraels og Palestínu, Malí og Srí Lanka, svo fátt eitt sé nefnt.

Óhætt er hins vegar að segja að sameiginlega yfirlýsingin sem Ísland flutti í nafni 36 þjóða um mannréttindaástand í Sádi-Arabíu hafi vakið mesta eftirtekt í fundalotunni, en þetta var í allra fyrsta skipti sem fjallað er með þessum hætti í mannréttindaráðinu um stöðu mála í Sádi-Arabíu. Um þetta var nánar fjallað í tíunda kaflanum hér að framan.

Í marslotu mannréttindaráðsins er einnig svokölluð ráðherravika og Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra sótti því fundi þess í upphafi hennar. Þegar hefur verið vísað í ávarp sem ráðherrann flutti við það tækifæri en þar var lögð áhersla á að Ísland tæki þá ábyrgð sína alvarlega að sitja í mannréttindaráðinu. Of algengt væri að önnur aðildarríki ráðsins hunsuðu þá ábyrgð og sýndu ekki gott fordæmi í mannréttindamálum nema síður væri. Eðlilegt væri að spyrja sig hvers vegna slík ríki væru kjörin og endurkjörin til setu í ráðinu. Nefndi ráðherrann bæði Filippseyjar og Sádi-Arabíu í þessu samhengi.

Utanríkisráðherra gerði einnig að umtalsefni mikilvægi þess að smærri ríki fengju tækifæri til að sitja í mannréttindaráðinu. Þá tók hann sérstaklega upp réttindi hinsegin fólks (LGBTI), m.a. með tilliti til ofsókna í Tsjetsjeníu og

35. Sjá ilga.org/first-un-resolution-rights-intersex-persons-women-sport

Tansaníu sem þá höfðu nýlega verið í fréttum Ísland tók einnig þátt í sérstakri yfirlýsingu um ofsóknir gegn LGBTI einstaklingum í Tsjesjeníu sem Bretar fluttu í lotunni.

Ásmundur Einar Daðason félags- og barnamálaráðherra tók einnig þátt í störfum mannréttindaráðsins í mars og var meðal þátttakenda í sérstakri umræðu um réttindi barna.

Alls fluttu fulltrúar Íslands átján ávörp í umræðum í mannréttindaráðinu, þar á meðal tvær fyrir hönd NB8-ríkjahópsins og svo eina fyrir hönd 36 ríkja um mannréttindaástandið í Sádi-Arabíu. Þess utan átti Ísland aðild að fjórum NB8-ræðum til viðbótar og þremur norrænum ræðum sem fulltrúar annarra ríkja en Íslands fluttu. Að síðustu má nefna tíu ræður til viðbótar sem fluttar voru af öðrum en í nafni fjölda ríkja, þ.m.t. Íslands, s.s. um ástand í



Harald Aspelund, fastafulltrúi Íslands, og Ásmundur Einar Daðason félags- og barnamálaráðherra í mannréttindaráðinu í mars 2019.

Venesúela, í tilefni alþjóðlegs baráttudags kvenna 8. mars og um áðurnefndar ofsóknir gegn hinsegin fólki í Tsjetsjeníu. Harald Aspelund, fastafulltrúi Íslands og varaforseti ráðsins, stýrði enn fremur fundum þess alls sjö sinnum.

Ísland sinnti enn fremur hagsmunagæslu í atkvæðagreiðslum fyrir Svía og Norðmenn sem lögðu fram ályktanir um Íran annars vegar og mannréttindaförnuði hins vegar en voru ekki í stöðu til að verja þær breytingartillögum, enda ekki með atkvæðisrétt.

Sumarlota mannréttindaráðsins, sú 41. í röðinni, fór fram í júní og júlí 2019. Hvað Ísland varðaði skipti mestu að tvær ályktanir sem Ísland lagði fram voru samþykktar.

Ályktun Íslands og fleiri ríkja um jöfn laun til handa konum og körlum var samþykkt einróma þegar hún kom til afgreiðslu en auk Íslands stóðu alls sjö ríki að ályktuninni: Ástralía, Kanada, Nýja Sjáland, Panama, Suður-Afríka, Sviss og Þýskaland. Hátt í sjötíu ríki, að meðtöldum framangreindum ríkjum voru meðflytjendur að ályktuninni sem sýndi breiðan stuðning við málefnið.

Um var að ræða nýja ályktun, sem lögð var til að frumkvæði Íslands en öll löndin sem stóðu að ályktunni eru einnig hluti af alþjóðlegum hópi ríkja um að tryggja jöfn laun (Equal Pay International Coalition).

Hin ályktunin, sem Ísland lagði eitt fram, sneri að mannréttindaástandi á Filippseyjum. Eftir því var tekið hversu einbeitt stjórnvöld á Filippseyjum voru í því að koma í veg fyrir samþykkt hennar.³⁶ Þegar til kom lyktaði atkvæðagreiðslu hins vegar þannig að átján studdu ályktunina, fimmtán sátu hjá og fjórtán voru á móti. Um þetta mál er fjallað framar í skýrslunni.

Ráðið afgreiddi 26 ályktanir í sumarlotunni. Ályktun Íslands um Filippseyjar bar þar einna hæst en jafnframt samþykkti ráðið ályktun um framlengingu umboðs sérstaks sérfræðings um málefni hinsegin fólks. Ísland beitti sér ötulllega fyrir því enda eitt af áherslumálum Íslands.

Mannréttindaráðið samþykkti einnig nokkrar mikilvægar ályktanir um jafnréttismál, m.a. ályktun Kanada um ofbeldi gegn konum. Ísland tók að sér að bera ályktunina fyrir hönd Kanada og verjast breytingatillögum þar sem Kanada var ekki kjörinn fulltrúi í ráðinu. Lagðar voru fram þrjár breytingartillögur um að fjarlægja framsæknar vísanir í kyn- og frjósemisheilbrigði og réttindi sem því tengist. Ísland krafðist atkvæðagreiðslu um þær allar og var þeim hafnað á afgerandi hátt. Enn fremur má nefna að 22 ríki, Ísland þar á meðal, rituðu forseta ráðsins sérstakt bréf í fundalotunni þar sem lýst var áhyggjum af ástandi mannréttindamála í Xinjiang-héraði í Kína. Þessi yfirlýsing þótti bæði mikilvæg og tímabær.³⁷

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra tók þátt í störfum mannréttindaráðsins að þessu sinni og var það í fyrsta sinn sem íslenskur forsætisráðherra tók þátt í starfi ráðsins.



Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Michelle Bachelet, mannréttindafulltrúi Sameinuðu þjóðanna, tóku þátt í sérstakri málsstofu mannréttindaráðsins um baráttuna gegn kynbundnu ofbeldi á vinnustöðum.

36. Sjá t.d. [theguardian.com/world/2019/jul/12/un-launches-comprehensive-review-of-philippine-drug-war](https://www.theguardian.com/world/2019/jul/12/un-launches-comprehensive-review-of-philippine-drug-war) og þó einkum [opinion.inquirer.net/122418/phs-disinformation-campaign-in-geneva](https://www.inquirer.net/122418/phs-disinformation-campaign-in-geneva)

37. Sjá yfirlýsingu Human Rights Watch: [hrw.org/news/2019/07/10/un-unprecedented-joint-call-china-end-xinjiang-abuses](https://www.hrw.org/news/2019/07/10/un-unprecedented-joint-call-china-end-xinjiang-abuses). Í kjölfarið rituðu 37 ríki einnig bréf til forseta mannréttindaráðsins þar sem þau hrósuðu Kína fyrir framlag sitt til þróunar í Xinjiang-ríki, sjá t.d. [voanews.com/east-asia-pacific/un-human-rights-council-divided-over-chinas-xinjiang-policies](https://www.voanews.com/east-asia-pacific/un-human-rights-council-divided-over-chinas-xinjiang-policies)

Forsætisráðherra ávarpaði ráðið m.a. formlega í krafti stöðu sinnar sem oddviti ríkisstjórnar og fjallaði sérstaklega um tengsl umhverfismála og mannréttinda. Athygli vakti að hún skyldi tala afdráttarlaust um að stefna ætti að því að rétturinn til heilnæms umhverfis verði ræddur og samþykktur í ráðinu.

Forsætisráðherra tók einnig þátt í sérstakri umræðu um jafnréttismál með áherslu á baráttuna gegn kynbundnu ofbeldi á vinnustöðum. Einnig ræddi ráðherra sérstaklega baráttu Íslands fyrir jöfnum launum, m.a. með vísun í ályktun um sama efni sem var þá til umræðu í ráðinu.

Ísland stóð einnig fyrir listasýningunni „Changes“ um áhrif mannsins á náttúruna og tengsl mannréttinda og umhverfismála. Forsætisráðherra opnaði sýninguna sem var mjög vel tekið. Sérstaka athygli vakti samstarfsverk með þátttöku sendiherra frá öðrum smærri eyríkjum.

Alls fluttu fulltrúar Íslands átta ávörp í þessari fundalotu en þess utan átti Ísland aðild að níu NB8-ræðum til viðbótar, tveimur norrænum ræðum og einni með fjallaríkjunum svokölluðu, sem fulltrúar annarra ríkja en Íslands fluttu. Að síðustu má nefna átta ræður til viðbótar sem fluttar voru af öðrum, en í nafni fjölda ríkja, þar með talið Íslands. Þær fjölluðu meðal annars um réttindi hinsegin fólks, málefni Venesúela og fjörutíu ára afmæli alþjóðasamningsins um afnám allrar mismununar gagnvart konum (CEDAW). Harald Aspelund, fastafulltrúi Íslands, stýrði enn fremur fundum ráðsins alls sex sinnum í lotunni. Að auki tóku fulltrúar Íslands til máls eftir því sem þurfa þótti við atkvæðagreiðslur.

42. fundalota mannréttindaráðsins fór fram í september 2019. Þetta var fjórða lotan sem Ísland tók þátt í sem aðildarríki ráðsins og jafnframt sú síðasta. Að þessu sinni voru afgreiddar alls 38 ályktanir. Bar einna hæst ályktanir um mannréttindaástandið í Jemen og í Sýrlandi sem og um réttindi Röðingja og annarra minnihlutahópa í Mjanmar. Mannréttindaástandið í Venesúela var í brennidepli í þessari fundalotu og ráðið samþykkti tvær ályktanir þar að lútandi. Samkvæmt ályktun sem Ísland lagði fram í samstarfi við Finnland, Suður-Afríku og Namíbíu var enn fremur samþykkt að ráðið taki réttinn til almannatrygginga í breyttum heimi til umfjöllunar árið 2020.

Athygli vakti að í annað skipti á skömmum tíma var flutt sameiginleg yfirlýsing um mannréttindaástandið í Sádi-Arabíu. Það var fastafulltrúi Ástralíu sem flutti yfirlýsinguna í þetta skiptið en Ísland studdi sem fyrr málatilbúnaðinn dyggilega. Meðflutningsríki voru öllu færri en í mars en á þriðja tug engu að síður.

Fulltrúar Íslands fluttu alls ellefu ávörp í umræðum í þessari 42. fundalotu. Þar fyrir utan átti Ísland aðild að fimm norrænum ræðum, fjórum ræðum sem fluttar voru í nafni NB8-ríkjahópsins auk fyrrnefndrar yfirlýsingar sem Ástralía flutti um málefni Sádi-Arabíu. Fastafulltrúi Íslands stýrði einnig sjö fundum ráðsins í þessari lotu sem varaforseti ráðsins.

15. Lærdómur sem draga má af verkefninu

Meginatriði

- Þegar Bandaríkin sögðu sig óvænt úr mannréttindaráðinu skapaðist einstakt tækifæri til að öðlast þar sæti án mikils tilkostnaðar eða langs aðdraganda.
- Mannréttindi eru hornsteinn utanríkisstefnunnar og standa Íslendingum nærri. Það sýndi sig að Ísland hefur góða sögu að segja og ýmislegt fram að færa.
- Ísland og íslensk utanríkisþjónusta ráða fyllilega við verkefni af þeim toga að sitja í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna.
- Brýnt er að fyrir liggi skýr vilji til að láta að sér kveða og áriðandi að áherslur hafi verið skilgreindar fyrirfram, með tilgreindum markmiðum og aðgerðum.
- Smáriki getur haft afgerandi áhrif, standi vilji þess til þess, en mikilvægt er að byggja á þéttu samráði og samstarfi við önnur líkt þenkjandi ríki.
- Þótt mannréttindaráðið sé ekki fullkomið er óumdeilt að það sé helsti vettvangur hreinskiptinna samræðna um mannréttindamál.

Ísland sat aðeins hálf tilmabil í mannréttindaráðinu, í um átján mánuði, en ekki í þrjú ár eins og venjan er. Óneitanlega skiptir það máli þegar reynslan af setu Íslands í ráðinu er metin. Að því sögðu er rétt að tilgreina nokkur atriði sem sérstaklega koma til skoðunar að lokinni setu í ráðinu:

Aðdragandi og undirbúningur

Það gefur auga leið að undirbúningi að framboði hefði verið öðruvísi háttáð ef nokkur ár hefðu liðið frá tilkynningu um það fram að kosningu. Fram kemur í fjórða kafla að greining var gerð á því hvað framboð og hugsanleg kosningabarátta kynnu að útheimta, bæði í vinnu ráðuneytis og kostnaði. Hvorugt kom til að þessu sinni enda liðu aðeins þrjár vikur frá því að vitað var að sæti myndi losna í mannréttindaráðinu og þar til búið var að kjósa Ísland til setu í ráðinu.

Þótt Íslendingum henti að mörgu leyti vel ágætlega að ráðast í fyrirvaralítil átaksverkefni hefði lengri tíma til undirbúnings samt haft sína kosti, meðal annars til að ná markmiðum í ráðinu. Áherslur Íslands í mannréttindaráðinu hefðu að vísu væntanlega verið mjög svipaðar en tíminn til undirbúnings og til að hrinda áherslum í framkvæmd hins vegar verið rýmri.

Grunnur að árangri í kosningunum um sætið í ráðinu 13. júlí 2018 hafði verið lagður nokkru fyrr. Ólíklegt er að nafn Íslands hefði yfirleitt komið upp ef ekki hefði verið fyrir virka þátttöku sem áheyrnarríki árin á undan. Skeleggur málflytningur utanríkisráðherra í ráðherraviku í febrúar 2018 vakti einnig athygli á Íslandi sem málsvara algildra mannréttinda.

Ákveði Ísland að sækjast aftur eftir fullri aðild að mannréttindaráðinu er næsta víst að það verði við hefðbundnari aðstæður. Tilkynna þyrfti um framboð með nokkurra ára fyrirvara og vinna markvisst og stöðugt á öllum vígstöðvum við að tryggja nægan stuðning við framboðið. Heilt kjörtímabil myndi óhjákvæmilega kalla á meira úthald og langtímahugsun en hálf kjörtímabil bauð upp á. Einnig þyrfti að huga sérstaklega að kostnaði.

Vinna á vettvangi ráðsins

Mannréttindi standa Íslendingum nærri og færa má rök fyrir því að mannréttindaráðið henti Íslandi vel sem vettvangur áherslna í utanríkisstefnu. Af fenginni reynslu má fullyrða að íslenska utanríkisþjónustan ræður fyllilega við verkefni af þeim toga að sitja í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna. Allar áætlanir um starfsmannahald, áherslur og verkefnaálag stóðust þegar til kastanna kom.

Önnur lítil og meðalstór ríki sem setið hafa í ráðinu, þar með talið Norðurlöndin, hafa vissulega sett fleiri starfsmenn til verka, einkum með því að styrkja fastanefndir sínar í Genf nokkru áður en til setu hefur komið. Í tilvikum Íslands var hins vegar lykilatriði að hæfur starfskraftur var til staðar sem þyrfti hvorki mikinn undirbúning né tíma til að búa nauðsynlegt tengslanet.

Vert er að átta sig á þeirri staðreynd að skipan mannréttindaráðsins breytist ár frá ári. Skipt er um þriðjung kjörinna fulltrúa ár hvert, nema þegar ríki fara í endurkjör til seinna þriggja ára kjörtímabils. Andrúmsloft innan ráðsins getur breyst umtalsvert þegar skiptin eiga sér stað enda áherslur ríkja eru afar mismunandi. Auðveldar getur því reynst að vinna tilteknum málum brautargengi eitt árið en hið næsta.

Smærri ríki eins og Ísland geta skapað sér sérstöðu, ekki síst ef þau eru reiðubúin til að taka forystu í erfiðum málaflokkum enda eru þau oft síður bundin af hefðbundnu hagsmunamati stærri ríkja. Þannig má segja að smærri ríki séu í nauðsynleg í mannréttindaráðinu og fjölbreytt ríkjaflóra gefur því færi á ólíkum áherslum og verkaskiptingu. Áhrifaríki sem telur brýnt að beina kastljósinu að tilteknum málum, en á erfitt með að taka þar forystu sjálfst vegna sértækra hagsmuna, getur reynst þakklátur bandamaður og um leið ötull og mikilvægur bakhjarl við að vinna þeim brautargengi. Að sama skapi þarf að gæta að því að stærri ríki og smærri beita oft þrýstingi, til dæmis ef um er að ræða yfirvofandi atkvæðagreiðslu um mál sem skipta þau miklu máli. Fyrir þessu fann starfsfólk fastanefndar Íslands í Genf og aðrir sem að því verkefni komu þegar þyrfti að afla ályktun um Filippseyjar sumarið 2019 stuðnings. Sama mál sýndi hve mikilvægt er að tryggja gott samráð milli fastanefndar í Genf og teymisins

Í utanríkisráðuneytinu sem stýrir verkefninu þar í umboði ráðherra. Upp geta komið aðstæður sem krefjast viðbragða á öllum vígstöðum, í Genf en einnig í sendiskrifstofum Íslands annars staðar og jafnvel aðkomu ráðherra.

Þá skiptir máli að eiga gott samráð og samstarf við líkt þenkjandi ríki í Genf. Slíkt samráð getur verið mjög gefandi, aukið skilning fulltrúa Íslands á tilteknum málum, og skapað ófyrirséð tækifæri til að láta gott af sér leiða. Árangur í þágu algildra mannréttinda næst varla nema strengir séu stilltir saman í óformlegum viðræðum um texta ályktana og atkvæðagreiðslum.

Á vettvangi mannréttindaráðsins hafa sum ríki skýlt sér á bakvið þau rök, að ráðið eigi ekki að hlutast til um það sem þau telja innanríkismál hvers ríkis. Ísland og flest vestræn ríki hafa á hinn bóginn litið svo á að mannréttindi séu algild og að „vinur sé sá sem til vamma segir“. Því miður endurspeglast þannig nokkur gjá í ráðinu milli þessara ríkja, burtséð frá því hvers konar mannréttindabrot kunni að vera framin hverju sinni, og horfur eru á að hún eigi eftir að breikka enn frekar. Ekki má þó vanmeta mikilvægi þess að reyna að brúa bil milli andstæðra sjónarmiða og ríkja eða ríkjahópa. Þannig hefur jákvæð þróun átt sér stað í Rómönsku Ameríku þar sem nágrennaríki Venesúela hafa í mannréttindaráðinu fylkt liði með vestrænum ríkjum og leitt umfjöllun um ástandið þar í landi, þar með talið með samþykkt ályktana af hálfu mannréttindaráðsins.

Þótt mannréttindaráðið sé ekki gallalaust sýndi það sig þó afdráttarlaust á þeim tíma sem Ísland sat í ráðinu að það er helsti vettvangurinn til hreinskiptinna samræðna um mannréttindamál á umbrotatímum þegar standa þarf vörð um grundvallarregluna um algild mannréttindi. Margar mikilvægar ályktanir voru samþykktar á tímabilinu og ljósi varpað á brýn álitamál (sjá frekari umfjöllun um hápunkta í hverri fundalotu í 14. kafla).

Álitamál tengd árangri af starfinu

Árangur af framgöngu Íslands í málefnum Sádi-Arabíu hefur að nokkru leyti þegar komið fram eins og sjá má af því að þarlend stjórnvöld hafa tilkynnt um ýmis konar breytingar í frjálsræðisátt. Sjö af tíu einstaklingum sem nafngreindir voru í sameiginlegu yfirlýsingunni sem Ísland hafði frumkvæði að í mars 2019 hefur verið sleppt úr fangelsi, þótt viðkomandi séu í farbanni. Íhaldsöflin þar í landi eru hins vegar treg til og því er brýnt að beina áfram kastljósinu að framferði þeirra og viðhalda þrýstingi.

Að því er varðar ályktun Íslands um mannréttindi á Filippseyjum á eðli máls samkvæmt eftir að koma í ljós hvað kemur fram í skýrslunni sem leggja á fyrir mannréttindaráðið í júní 2020. Framganga Íslands hefur hins vegar sýnt að þarlend stjórnvöld eru viðkvæm fyrir gagnrýni en hún er jafnan fyrsta skrefið í átt til breytinga. Það skiptir máli að umheimurinn fylgist með því sem fram fer.

Ef ætlunin er að takast á við sambærilegar áskoranir og frumkvæðið í málefnum Sádi-Arabíu og Filippseyja er nauðsynlegt að skoða mál frá öllum hliðum eins og frekast er unnt. Um leið þarf að hafa hugfast að helsta markmiðið ætti að vera að Ísland verði sannur málsvari mannréttinda og sýna þarf hugrekki til að

standa undir því nafni. Vissulega er hægt að taka sæti í mannréttindaráðinu og sneiða hjá öllum slíkum áskorunum, bíða af sér þrjú ár í mannréttindaráðinu án þess að hætta miklu til en það getur tæpast þótt eftirsóknarvert.

Skoðanakönnun sem utanríkisráðuneytið gekkst fyrir um mitt ár 2019 sýndi að þátttaka Íslands í störfum mannréttindaráðsins naut stuðnings 80,8 prósentu aðspurðra og rúm 70 prósent töldu að seta Íslands í mannréttindaráðinu gæti haft jákvæð áhrif á þróun mannréttinda á heimsvísu.³⁸ Slíkur stuðningur er ómetanleg hvatning til að vel takist til. Af því reglubundna og mikilvæga samráði sem haft var við utanríkismálanefnd á tímabilinu mátti einnig ráða að breiður pólitískur stuðningur væri til staðar.

Meginmarkmiðið hlýtur fyrst og fremst að vera barátta fyrir bættum mannréttindum. Um leið felast í verkefninu ákveðin tækifæri. Seta í mannréttindaráðinu skapaði Íslandi sess sem það annars hefði ekki haft, jók sýnileika Íslands og veitti færi á samskiptum sem nýta mátti til að ræða um önnur brýn hagsmunamála og skapa ný tengsl. Þá má færa rök fyrir því að jákvæð umræða um Ísland sem málsvara mannréttinda á alþjóðavettvangi sé út af fyrir sig mikils virði.

38. Sjá frétt á vef stjórnarráðsins: stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2019/06/21/Islandingar-velviljadir-thattoku-i-althjodasamstarfi

16. Ísland í framboð aftur?

Hér verður því ekki slegið föstu hvort Ísland eigi í framtíðinni að sækjast reglulega eftir setu í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna, til skiptis við hin Norðurlöndin og á grundvelli samkomulags við þau. Á hinn bóginn er ekki óeðlilegt að velta þeirri spurningu fyrir sér með hliðsjón af reynslunni 2018-2019. Málið var rætt á fundi utanríkisráðherra Norðurlandanna á Íslandi í september 2019 og þá voru ráðherrarnir sammála um að brýnt væri að Norðurlöndin ættu reglulega fulltrúa í ráðinu.

Góður rómur var gerður að frammistöðu Íslands og ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að Ísland setti fram þá ósk að fá að bjóða sig reglulega fram eins og hin norrænu ríkin.

Það er ákvörðun stjórnmalamanna hverju sinni hvort ráðist er í slíkt framboð og mikilvægt er að hafa í huga að slíkt þarf að ákveða með góðum fyrirvara. Í kjölfarið þarf að vinna jafnt og þétt og í breiðri pólitískri sátt að settu marki. Fyrir liggur að Finnland verður í framboði í kosningum í október 2021 fyrir tímabilið 2022-2024. Ekki liggur hins vegar enn fyrir hvert Norðurlandanna tekur slaginn í kjölfarið vegna tímabilsins 2025-2027. Brýnt er að það skýrist fljótlega því annars kynni eitthvert annað WEOG-ríki að bjóða sig fram á undan og ná þannig forskoti.

Þróunin undanfarin ár hefur raunar verið sú að ekki þurfi að kjósa um þau ríki sem eru í framboði í tilteknum ríkjahópum. Þannig voru þrjú ríki – Danmörk, Austurríki og Ítalía – í framboði í WEOG-hópnum haustið 2018 vegna þriggja lausra sæta og tvö ríki – Holland og Þýskaland – vegna tveggja lausra sæta haustið 2019. Ef horft er til þeirra framboða sem þegar hefur verið lýst yfir næstu árin virðist sem vestræn ríki vilji síður heyja kosningabaráttu og mögulega tapa heldur sé frekar áhugi á einhvers konar sátt um hringrás þar sem öllum gefst kostur á sæti í ráðinu með reglulegu millibili. Þetta þarf ekki að vera neikvæð þróun fyrir Ísland eða Norðurlöndin heldur kann hún að skapa tækifæri til reglubundinnar setu í ráðinu.

Hinu má ekki gleyma að aðild að mannréttindaráðinu er ekki forsenda þess að ríki eins og Íslandi láti að sér kveða á þeim vettvangi. Áheyrnarríkjum er í sjálfsvald sett hversu virk þau eru. Eðlilegt er að þau forgangsraði og leggi áherslu á tiltekin en sé viljinn fyrir hendi má vel halda uppi öflugum starfi á þeim grunni fyrst um sinn. Gera má ráð fyrir að áfram verði horft til Íslands í sumum þeirra mála sem sett voru á oddinn meðan á setunni í ráðinu stóð og meta þarf hversu ákveðið Ísland vill stíga til jarðar í þeim efnum á næstu mánuðum og misserum.

17. Lokaorð

Hér að framan hefur framganga Íslands í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna 2018-2019 verið reifuð og tilraun gerð til að leggja mat á árangurinn og þá sérstaklega hvort þau markmið sem sett voru í upphafi hafi náðst. Enn fremur hefur verið tekið til skoðunar hvort til greina kæmi að Íslandi byði sig fljótlega fram aftur til setu í ráðinu. Ljóst er að ef til þess kæmi yrði að liggja fyrir afmörkuð stefna með tilteknum áhersluþáttum. Hún myndi vafalaust byggjast á núverandi grunni sem útfæra þyrfti með skýrum hætti.

Öll mannréttindi eru algild og öll skipta þau máli. Engu að síður er komin umtalsverð reynsla á að stilla jafnréttismálum upp sem aðaláherslumáli Íslands enda hafa þau skapað landinu ákveðna sérstöðu og átt þátt í að leggja grunn að þeirri jákvæðu ímynd sem það almennt hefur í alþjóðlegu samstarfi. Í mannréttindaráðssetunni var jafnframt lögð meiri áhersla á réttindi hinsegin fólks (LGBTI) en ef til vill hefur verið raunin í málafylgju á alþjóðlegum vettvangi. Gafst það vel og skapaði Íslandi umtalsverða sérstöðu. Þá gaf þessi áhersla færi á gagnvirku samtali heima og erlendis annars vegar með málsvarastarfi LGBTI-réttinda á alþjóðavettvangi en jafnframt nota þá umræðu til að stuðla að enn frekari réttarbótum til handa hinsegin fólki heima fyrir.

Almennt er niðurstaðan sú að setan í mannréttindaráðinu 2018-2019 hafi verið Íslandi til vegsauka, að vel hafi tekist til og að ástæða sé til að hugleiða gaumgæfilega hvort það sé ekki vettvangur þar sem Ísland eigi afdráttarlaust að láta til sín taka. Reynslan sýnir að Ísland réði vel við verkefnið og þess vegna yrði því líklega vel tekið ef stefnan yrði sett á reglulega setu í ráðinu. Hún gæti jafnframt verið leið til áhrifa fyrir smáríki sem hefur heilmikið til málanna að leggja út frá eigin reynslu og á allt sitt undir að alþjóðalög séu virt, ekki síst alþjóðleg mannúðarlög og mannréttindi.

18. Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1: Heitaskjal með áherslum Íslands

United Nations

A/72/923

**General Assembly**Distr.: General
2 July 2018

Original: English

Seventy-second session

Agenda item 114 (d)

Elections to fill vacancies in subsidiary organs and other elections: election of fifteen members of the Human Rights Council**Note verbale dated 29 June 2018 from the Permanent Mission of Iceland to the United Nations addressed to the President of the General Assembly**

The Permanent Mission of Iceland to the United Nations presents its compliments to the President of the General Assembly and has the honour to refer to the candidacy of Iceland for the Human Rights Council for the vacant seat to be filled by the Western European and other States for the term expiring on 31 December 2019 at the by-elections to be held during the seventy-second session of the General Assembly.

In accordance with General Assembly resolution [60/251](#), the Permanent Mission has the further honour to attach a document setting out the voluntary pledges and commitments made by Iceland, reaffirming its commitment to the promotion and protection of all human rights (see annex).

The Permanent Mission would be grateful if the present note and its annex were circulated as a document of the General Assembly, under agenda item 114 (d).

18-10840 (E) 050718
A standard 1D barcode representing the document number 18-10840 (E) 050718.

Please recycle



A/72/923

Annex to the note verbale dated 29 June 2018 from the Permanent Mission of Iceland to the United Nations addressed to the President of the General Assembly**Candidature of Iceland to the Human Rights Council, by-election 2018****Voluntary pledges and commitments pursuant to General Assembly resolution [60/251](#)**

1. Human rights are universal and concern everyone, everywhere. They are an integral part of international relations and, although their promotion and protection are the primary responsibility of States, they are not the private matter of each State. Today, there is a more comprehensive understanding than before of the interaction between human rights, sustainable development, peace and security; and stronger emphasis is now placed on the link between human rights, democratic development and the rule of law.
2. On the seventieth anniversary of the Universal Declaration of Human Rights, Iceland remains fully committed to the promotion and protection of human rights, both at home and abroad. Iceland's long-term objective to ensure that human rights become a reality for all is enshrined in our Constitution. This is further reflected in our legislation, which we continuously amend to pave the way for further progress.
3. Iceland's commitment to human rights is integrated into all areas of our foreign policy and development cooperation. Iceland is a committed advocate of human rights and fundamental freedoms in its bilateral and multilateral relations, including at the United Nations, the Organization for Security and Cooperation in Europe, the Council of Europe and in other international forums. Iceland further promotes human rights in its external trade relations. In Iceland's international development cooperation, human rights are placed at the core, where they are seen as the foundation for sustainable development, peace and prosperity.
4. Gender equality has long been a priority issue for Iceland in its work for human rights. In promoting gender equality and the empowerment of women, Iceland has focused on women's participation in decision-making, combating discrimination and violence against women, and respect for sexual and reproductive health and rights. For several years, Iceland has placed great emphasis on gender equality and women's empowerment in its strategy for international development cooperation, in which gender equality is both a cross-cutting issue and a stand-alone goal. This applies to education and health, where sexual and reproductive health and rights have been given a central role, as well as to climate change and natural resource management. Gender equality is also at the core of Iceland's strategy to promote the women and peace and security agenda, where the full and meaningful participation of women is emphasized. A special focus has been on engaging men and boys and their crucial role in achieving gender equality.
5. Despite being a small country with a population of 350,000, Iceland contributes to international initiatives for the promotion and protection of human rights, including through its development cooperation. As an example, Iceland is a top donor per capita to the United Nations Entity for Gender Equality and the Empowerment of Women (UN-Women), the key United Nations agency for the promotion and protection of women's human rights. Iceland also hosts the United Nations University Gender Equality Studies and Training Programme, which facilitates capacity development of professionals and organizations in low- and middle-income countries in the field of gender equality through education and training. When working with its bilateral,

A/72/923

multilateral, civil society and other partners in development cooperation, Iceland consistently promotes the importance of human rights and gender equality for sustainable development. A new draft policy for international development cooperation for 2019–2023 will be considered by the Icelandic Parliament in the third quarter of 2018. There, human rights and gender equality will continue to be front and centre.

6. Iceland is also firmly committed to the mandate of the Office of the United Nations High Commissioner for Human Rights (OHCHR) and believes its work to be fundamental for the promotion and protection of human rights around the world. In line with that commitment, Iceland significantly increased its contribution to OHCHR in 2017 — making Iceland one of the top five donors per capita. In 2018 and 2019, we pledge to further expand on our partnership with OHCHR.

7. Iceland actively promotes: gender equality and the empowerment of women; the rights of the child; action against trafficking in human beings; the protection of human rights while countering terrorism and violent extremism; the elimination of torture, the death penalty and extrajudicial executions; as well as the elimination of all forms of discrimination, including based on sexual orientation and gender identity.

8. Iceland plays a role in calling the attention of the international community to situations of systematic violations of human rights. Iceland participates actively in the universal periodic review and raises the state of human rights issues at the bilateral, regional and international level with the objective of finding ways to improve situations.

9. Iceland is devoted to the implementation of the 2030 Agenda for Sustainable Development and the commitment therein to the rule of law, respect for human rights and gender equality, and the integrated approach embedded in the Agenda.

10. Iceland has ratified all major international conventions and agreements on human rights and encourages other States to do the same, and advocates for the full implementation of said conventions and agreements. In addition, since 2012, Iceland has been leading efforts to strengthen the effective functioning of the human rights treaty bodies.

11. Iceland led the intergovernmental process of the General Assembly on strengthening the effective functioning of the human rights treaty bodies from 2012 to 2014. This led to the successful adoption of General Assembly resolution [68/268](#), which considerably reduced the operational cost of the treaty bodies while significantly expanding their capacity. Together with the other Nordic countries, Iceland has followed up on the successful conclusion of that process by facilitating the adoption of the first General Assembly resolution of its kind addressing the human rights treaty body system as a whole (resolution [71/185](#)). This resolution streamlined the Assembly's work on and approach to the treaty bodies, replacing individual resolutions that focused only on individual treaty bodies.

12. Iceland has extended a standing invitation to all United Nations special rapporteurs and independent experts and has regularly received visits from several rapporteurs. Iceland highly values the opportunities for Member States and other stakeholders to contribute to and benefit from the work and findings of the special procedures and mandate holders.

13. Iceland takes an active and positive role in engaging with international human rights mechanisms and in intergovernmental forums. We are committed to actively engaging in the United Nations human rights system, including sessions of the Human Rights Council and the Third Committee of the General Assembly.

14. As a part of that commitment, Iceland took the chair of the Commission for Social Development during its fifty-sixth session, with a focus on emphasizing the

A/72/923

positive connection between human rights and development, and the importance of addressing inequality in all our efforts to implement the 2030 Agenda.

15. Iceland is also chairing the Third Committee of the General Assembly for the seventy-second session, building on our long-standing engagement in the Committee. This includes partnering with Singapore in the context of the Forum of Small States to try to rationalize the work of the Third Committee and make it more accessible to all, in particular small delegations that may struggle with the workload.

16. Iceland has a history of engaging in the work of the United Nations for the benefit of all, through the numerous engagements mentioned above, as well as facilitating the review of the Economic and Social Council and the counter-terrorism strategy of the United Nations. We believe that effective institutions lead to more efficient implementation and Iceland will bring its experience of improving processes and working methods to the Human Rights Council.

17. In line with the points above, the Government of Iceland believes that it is ready to serve on the Human Rights Council.

1. Iceland's general objectives

18. If elected, Iceland would pursue the following general objectives:

- Promote the realization of all human rights — civil, political, economic, social and cultural rights — on the basis of international human rights law
- Work towards a more efficient and effective Human Rights Council with the primary objective of allowing the Council to fulfil its mandate to strengthen the promotion and protection of human rights around the globe and to address situations of human rights violations
- Safeguard the effective functioning of the universal periodic review process and support efforts to strengthen national implementation and follow-up to its recommendations
- Enhance the engagement between the human rights treaty body system and the Human Rights Council and its mechanisms
- Continue engaging with and promoting the work of national human rights institutions, civil society organizations and other stakeholders, including in the work of the Human Rights Council
- Support and strengthen the Office of the United Nations High Commissioner for Human Rights as an independent voice for those left voiceless
- Promote understanding of the interdependence of development, peace and security, and human rights, including through the full implementation of the 2030 Agenda

2. Iceland's focus

19. Iceland seeks membership in the Human Rights Council to drive action on a broad range of Council activities, and to work cross-regionally and in a spirit of genuine dialogue and cooperation. Some of the issues that Iceland would focus on are:

(a) *Gender equality and the empowerment of women*

20. Iceland pledges to:

- Continue working on the implementation of its groundbreaking equal pay law and certification programme with the aim of achieving equal pay for work of equal value in Iceland by 2022. Iceland will also promote a multitude of actions

A/72/923

both domestically and internationally to achieve equal pay, including through its work with the International Labour Organization and UN-Women as a part of the Equal Pay International Coalition.

- Contribute actively to the elimination of all forms of violence against women and girls, including physical, sexual, emotional and economic violence, sexual exploitation, female genital mutilation and child, early and forced marriage. This demands a multilayered approach of prevention, protection, prosecution and provision of services. Iceland will continue developing educational programmes to prevent violence against women, while also reviewing the justice system's response in order to build up a stronger justice system that works for women.
- Promote the engagement of men and boys in the achievement of gender equality for the benefit of all. As a part of Iceland's role as a HeforShe champion, we will address gender stereotypes and harmful masculinity, and work to promote the recent groundbreaking text of the Human Rights Council on engaging men and boys in preventing and responding to violence against women and girls.

(b) *Children's rights and combating all violence against children*

21. Iceland pledges to:

- Continue to support initiatives aimed at eliminating all forms of violence against children, in particular efforts aimed at eliminating sexual exploitation and sexual abuse and harmful practices such as female genital mutilation and child, early and forced marriage.
- Contribute to securing the full rights of children and promoting child-friendly justice systems in the administration of justice. Iceland would promote innovative approaches to securing the best interests of the child in justice systems, while ensuring the principle of due process.
- Promote multi-agency and child-friendly approaches to child protective services. Traumatic childhood experiences can have devastating consequences for the mental and physical health of children. Early detection and appropriate interventions, as well as applying evidence-based procedures aimed at enhancing protective measures are crucial for mitigating such impacts on children.

(c) *Respect for the rights of lesbian, gay, bisexual, transgender and intersex individuals*

22. Iceland pledges to:

- Continue to advance and advocate the rights of lesbian, gay, bisexual, transgender and intersex (LGBTI) individuals. Iceland tops the index when it comes to LGBTI social acceptance, according to a study by the Organization for Economic Cooperation and Development from 2017. Recently, domestic funding for LGBTI issues has been doubled and an ambitious law on gender identity recognition is in the pipeline.
- Continue to provide and increase support for the historic mandate of the Independent Expert on protection against violence and discrimination based on sexual orientation and gender identity, as well as the United Nations Free and Equal campaign.
- Contribute to the work of the Equal Rights Coalition, strengthen cooperation between countries in advancing LGBTI rights and share information about how best to advance the human rights and inclusion of LGBTI people worldwide.

A/72/923

(d) Impact of environmental change, including climate change

23. Iceland pledges to:

- Address the serious impact and challenges of environmental change, including climate change, on human rights, and assess the implications of actions taken thus far on the enjoyment of human rights.
- Promote public awareness and participation in environmental decision-making as a means to empower individuals and communities to positively impact their environment and contribute to sustainable development.
- Address the importance of the protection of environmental human rights defenders who increasingly face unprecedented risks and endure grave violations.

(e) Efficient and effective Human Rights Council

24. Iceland pledges to:

- Work towards a more efficient and effective Human Rights Council with the primary objective of allowing the Council to fulfil its mandate to strengthen the promotion and protection of human rights around the globe and to address situations of human rights violations.
- Promote coherence between the Human Rights Council and the Third Committee of the General Assembly by supporting increased dialogue between the two bodies to ensure complementarity in their work.

3. Human rights in Iceland*(a) Mainstreaming of human rights*

25. Iceland is committed to the mainstreaming and integration of human rights in all aspects of Icelandic society. The Constitution of Iceland guarantees non-discrimination and is the foundation of our legal system, with the primary goal of protecting all human rights in Iceland.

26. The mainstreaming of human rights has been a long-standing commitment of Iceland. Most recently, an interministerial steering committee was established in 2017 for the mainstreaming of human rights. The committee was founded prior to Iceland's second review under the universal periodic review in 2016. The cooperation established proved successful in coordinating and spurring action for human rights in the run-up to the review. The steering committee is tasked with following up on the recommendations of the review, as well as preparing Iceland's third review in 2021. It also serves as the national mechanism for reporting on and follow-up to the engagement with international and regional human rights mechanisms more broadly, including the human rights treaty bodies and special procedures, in addition to the universal periodic review. The committee is also intended to better facilitate cooperation between ministries that have shared responsibilities when it comes to human rights.

27. In 2007, human rights were integrated into Iceland's foreign policy with the development of an ambitious white paper. Based on its success, work to revise this white paper has begun, and its estimated release will coincide with the seventieth anniversary of the Universal Declaration of Human Rights.

28. The Government also strives to provide support to civil society organizations, maintaining a constant dialogue with them on human rights issues and challenges. This includes open consultation processes on proposed legislation and the preparation of submissions to the human rights treaty bodies.

A/72/923

(b) *Gender equality*

29. The Government of Iceland is committed to raising its voice internationally for gender equality, focusing on women's role in sustainable development; women and peace and security; women's human rights, including sexual and reproductive health and rights; ending all forms of violence against women and girls; and gender equality in trade and women's economic empowerment.

30. For nine consecutive years, Iceland has topped the Global Gender Gap Index of the World Economic Forum. Iceland has ratified all major international conventions on women's rights and takes pride in being among the first signatories. The Government of Iceland is fully committed to continuing to strengthen women's rights in Iceland and internationally, with a holistic approach that recognizes the structural nature of women's inequality and takes into account the multiple and intersecting forms of discrimination that women can be subjected to, for example, on grounds of race, class, disability, immigration, status, religion, age, sexual orientation or gender identity.

31. In recent years, more focus has been placed on increasing the participation of men and boys in achieving gender equality. Since 2015, Iceland has been organizing "barbershop" conferences to support the increased participation of men and boys in such work to transform gender stereotypes and attitudes towards gender equality.

32. The conferences have been well received, with over 2,000 participants and enthusiastic engagement from men and boys. In 2017 alone, we organized barbershop conferences at the Council of the Baltic Sea States, the Organization for Security and Cooperation in Europe in Vienna, the North Atlantic Treaty Organization headquarters in Brussels and the Human Rights Council in Geneva, as well as at the United Nations in New York and the Nordic Council of Ministers, in partnership with civil society and the private sector. In cooperation with Promundo and UN-Women and the HeforShe campaign, we developed a toolbox so that others around the world can organize similar events (see <http://www.heforshe.org/en/barbershop>).

33. In January 2018, the President of Iceland took on the role of UN-Women HeforShe IMPACT Champion to further this work. The focus is on achieving our three HeforShe commitments, which are to ensure equal pay, increase the role and participation of men and boys in achieving gender equality and achieve parity in the media.

(c) *Anti-discrimination efforts*

34. According to the Constitution of Iceland, everyone shall be equal before the law and enjoy human rights irrespective of sex, religion, opinion, national origin, race, colour, property, birth or other status, and men and women shall enjoy equal rights in all aspects. All laws and regulations are to be construed in accordance with this provision. In addition, various legal provisions prohibit discrimination, for example with respect to gender equality, the rights of patients to health services and the rights of persons with disabilities.

35. Recently, the Parliament adopted a comprehensive anti-discrimination law with the aim of ensuring that no one, irrespective of sex, religion, disability, belief, race, ethnicity, sexual orientation or gender identity, faces discrimination in the labour market. The law also aims to tackle multiple and intersecting forms of discrimination and widen the supervisory and executive role of the Centre for Gender Equality and the scope of the gender equality complaints committee, so that it can review complaints regarding discrimination on the grounds of disability, religion, belief, race, ethnicity, sexual orientation and gender identity, as well as on the grounds of sex, or a combination of these factors.

A/72/923

(d) National human rights institution

36. The Icelandic Human Rights Centre was established in 1994 and serves as Iceland's national human rights institution. Its role is to advance human rights through the promotion of research and education, as well as awareness-raising. The Centre also serves a monitoring role and has commented on both legislative proposals and public policy and provided information to international monitoring bodies on the state of human rights in Iceland. However, the status of the Centre is not based on statutory law and it is funded directly by several ministries on a contractual basis. Consequently, its status does not comply with the Paris Principles.

37. Efforts are under way to address this shortfall and establish a national human rights institution that is compliant with the Paris Principles.

(e) Human rights education

38. Human rights education in Iceland is an integrated, cross-curricular part of school culture and working methods, in accordance with the National Curriculum Guide. The Guide is based on six fundamental pillars: literacy, sustainability, health and welfare, democracy and human rights, equality and creativity.

39. The fundamental pillars are interrelated and interdependent in education and school activities. They are based on the idea that literacy of the diverse symbolism and communication systems of society are prerequisites to active democracy, which can flourish only if every form of equality between individuals and groups in society is supported simultaneously. Human rights can be ensured only by supporting individual health and welfare and by fighting discrimination and every form of violence, including bullying.

40. Education for democracy and human rights is based on critical thinking and reflection on the basic values of society, and relies on cooperation with parties inside and outside the school. Thus, active cooperation is expected from the homes of children and youth concerning sports and youth work. Active cooperation with the local community is one of the key factors of sustainability. It is essential for democratic schools to participate in creating a sustainable society of collective responsibility. In addition, the United Nations Children's Fund in Iceland is working together with schools to integrate education on the Convention on the Rights of the Child into their daily work.

(f) Regional mechanisms for the protection of human rights

41. Iceland is a member of the Council of Europe and has ratified the European Convention on Human Rights and most of its protocols. Iceland has also ratified a number of Council of Europe human rights conventions, most recently the Convention on Preventing and Combating Violence against Women and Domestic Violence (Istanbul Convention) in 2018, the Convention on Action against Trafficking in Human Beings in 2012, and the Convention on the Protection of Children against Sexual Exploitation and Sexual Abuse (Lanzarote Convention) in 2010. By ratifying the European Convention on Human Rights, Iceland has undertaken to comply with the judgments issued by the European Court of Human Rights in cases brought against Iceland. Judgments against Iceland have prompted the payment of compensation to applicants, and in some instances amendments to legislation. The Convention has been incorporated in its entirety into Icelandic law.

Fylgiskjal 2: Aðgerðir til að framfylgja skuldbindingum sem Ísland gerði í tengslum við setu í mannréttindaráðinu

Í aðdraganda kjörs Íslands í mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna var gefin út sérstök yfirlýsing (Voluntary Commitment) þar sem gerð var grein fyrir áherslum Íslands á meðan á setu í ráðinu stæði. Í kjölfarið var gerð tilraun til að útfæra sértækar aðgerðir sem miða myndu að því að standa við þessar skuldbindingar.

Áherslur Íslands viku einkum að réttindum kvenna, jafnrétti, réttindum LGBTI-fólks, réttindum barna og svo umbótum á starfsemi mannréttindaráðsins og huga þurfti að hverju þessara atriða fyrir sig, sem og öðrum sem í yfirlýsingunni voru. Jafnframt varð að gæta að þáttum sem ekki voru í yfirlýsingunni en viku til dæmis að áhrifum heima fyrir, á þeim grunni að það hlyti að vera markmið út af fyrir sig að stuðla eftir fremsta megni að umræðu um mannréttindamál og um mannréttindaráðið sjálft. Þannig skyldi varpað ljósi á setu Íslands í mannréttindaráðinu og afrakstur hennar, með það að markmiði að geta metið eftir á hvort markmiðum hefði verið náð og staðið við fyrirheit. Þetta skjal hefur að geyma yfirlit yfir umræddar aðgerðir og sem var sá útgangspunktur sem fulltrúar Íslands unnu út frá; en hér hefur í þessari útgáfu skjalsins (tekið saman í nóvember 2019) verið bætt við einum dálki lengst til hægri hverju sinni þar sem rekið er hvernig gekk að hrinda umræddum aðgerðum í framkvæmd.

Almennt um setu Íslands

1. Stuðla að umræðum á Íslandi um mannréttindi og mannréttindaráðið og um skuldbindingar sérhvers aðildarríkis SP.

Seta Íslands í mannréttindaráðinu þarf að fara fram fyrir opnum tjöldum og í góðu samráði við alla hlutaðeigandi aðila hér heima; jafnframt því sem æskilegt er að ein af aukaáhrifum setunnar í ráðinu verði aukin, upplýstari og uppbyggilegri umræða um mannréttindamál.

Með þessu verði reynt að tryggja að breið sátt ríki um veru Íslands í ráðinu og um áherslur Íslands þar.

Aðgerðir til að ná markmiðum	Árangur
a) Reglubundið samráð við utanríkismálanefnd Alþingis; önnur ráðuneyti, m.a. í gegnum stýrihóp stjórnarráðsins um mannréttindi; frjáls félagasamtök á sviði mannréttinda. Staðið fyrir fundum með þessum aðilum í aðdraganda hvernar fundalotu HRC og oftast ef þurfa þykir.	a) Telst að fullu uppfyllt. Fulltrúar UTN fóru á fund utanríkismálanefndar í aðdraganda hvernar fundalotu; einnig voru önnur ráðuneyti höfð með í ráðum á vettvangi stýrihóps stjórnarráðsins um mannréttindi. Fundað var reglulega með frjálsum félagasamtökum.
b) Virk upplýsingamiðlun, t.d. með greinaskrifum í blöð, sýnileika á samfélagsmiðlum og viðtölum í fjölmiðlum um einstök mál á borði HRC hverju sinni, sem og um mannréttindi og mannréttindaráðið almennt, og um setu Íslands þar og framgöngu. Tekið verði þátt í viðburði vegna 70 ára afmælis mannréttindayfirlýsingar SP 10. desember 2018 og tíst um mannréttindamál af því tilefni.	b) Telst að fullu uppfyllt. Ráðherra hélt fjölda ávarpa og skrifaði reglulega greinar í blöðin, þar sem setan í mannréttindaráðinu var umfjöllunarefnið eða meðal meginumfjöllunarefna; skulu ellefu ræður og greinar hér taldar uppfylla þetta markmið. Ráðherra fór einnig ítrekað í viðtöl, einkum í tengslum við sérstakt frumkvæði Ísland í mars og í júní (Sádi Arabía og Filippseyjar). Málþing um setu Íslands í ráðinu var haldið í Háskóla Íslands 10. desember 2019 með þátttöku ýmissa erlendra gesta.
c) Umræða á Alþingi. Efnt yrði til sérstakrar umræðu um mannréttindamál á tímabilinu, ef ekki í þinginu sjálfu þá með utanríkismálanefnd sérstaklega, og/eða árleg umræða um skýrslu utanríkismálaráðherra til Alþingis verði að hluta tileinkuð alþjóðlegum mannréttindamálum.	c) Ekki uppfyllt en mætti skoða á vörþingi 2020.
d) Samstarf við Alþjóðamálastofnun; feli í sér m.a. samkomulag um starfsnema í fundalotum HRC, en einnig opinbera fund á tímabilinu en þannig yrði stuðlað að tengingu inn í akademíuna á Íslandi.	d) Telst að fullu uppfyllt. Inn í samstarfssamning sem UTN hefur við AMS var bætt því að AMS auglýsti og stæði að því að starfsnemar kæmu til aðstoðar í hverri fundalotu mannréttindaráðsins – og gekk þetta eftir. Einnig stóðu AMS og UTN að málþingi 10. desember 2019.

2. Stefnumótun um mannréttindi í íslenskri utanríkisstefnu.

Stefnuskjal um mannréttindi í utanríkismálum er frá 2007 og ýmislegt þar tekið að úreldast. Seti Íslands í mannréttindaráðinu er tækifæri til að uppfæra stefnuskjalið fyrir næstu ár og endurnýja fyrirheit um að mannréttindi séu hornsteinn utanríkisstefnunnar.

Aðgerðir til að ná markmiðum	Árangur
Unnið verði að uppfærslu stefnuskjals frá 2007 og stefnt að því að vinnu við gerð hvítbókar (white paper) ljúki og ný stefna sé kynnt áður en setu Íslands í mannréttindaráðinu lýkur (miðað verði við kynningu á alþjóðlega mannréttinda-deginum, 10. desember 2019).	Telst uppfyllt að því leyti til að í janúar 2020 er kynnt skýrsla um setu Íslands í mannréttindaráðinu og hefur hún að geyma drög að nýrri stefnu um mannréttindi í utanríkismálum sem leysir þar með að hólmi stefnuskjal frá 2007.

3. Stóraukin virkni í mannréttindaráðinu.

Sem áheyrnarríki hefur Ísland verið að taka öflugri þátt í störfum mannréttindaráðsins undanfarin ár. Á meðan Ísland situr í mannréttindaráðinu þarf að efla það starf enn frekar, með sýnilegum hætti.

Aðgerðir til að ná markmiðum	Árangur
a) Aukin þátttaka í umræðum HRC undir flestum liðum dagskrár, með ræðuhaldi (40% fleiri ræður fluttar að jafnaði) sem og í atkvæðagreiðslum.	a) Telst að fullu uppfyllt.
b) Fastafulltrúi Íslands taki að sér leiðandi hlutverk þegar tækifæri gefast, m.a. með því að taka sæti sem varaforseti ráðsins (fulltrúi Vesturlandahópsins, WEOG).	b) Telst að fullu uppfyllt. Harald Aspelund, fastafulltrúi Íslands, var kjörinn varaforseti mannréttindaráðsins haustið 2018 fyrir árið 2019.
c) Haldnir verði 3-4 hliðarviðburðir í fundalotum á árinu 2019 – efnislega útfært annars staðar í þessu skjali.	c) Telst uppfyllt.
d) Íslandi leggi fram og fái samþykka a.m.k. eina ályktun um efni sem tengist áherslumálum okkar í ráðinu (jafnréttismál; sjá útfærslu þar).	d) Telst að fullu uppfyllt; Ísland fékk tvær ályktanir samþykktar í sumarlotu mannréttindaráðsins 2019.

4. Ísland beiti sér sérstaklega vegna stöðu mannréttinda í einstökum ríkjum.

Eftir því hefur verið tekið að Ísland er óhrætt að taka upp stöðu mála í einstökum ríkjum og hefur Ísland m.a. leitt umræðu á vettvangi Mannréttindaráðsins um að þeir sem séu nú að stunda aftökur án dóms og laga á Filippseyjum verði dregnir til ábyrgðar. Hefur Ísland samræmt þrjár yfirlýsingar nærri 40 ríkja um Filippseyjar í ráðinu síðustu ár.

Ennfremur má nefna Sádi-Arabíu en sjaldgæft er að ríki gagnrýni Sádi-Arabíu og eru þó næg tilefni til nú um stundir.

Aðgerðir til að ná markmiðum	Árangur
a) Varðandi Filippseyjar þá heldur Ísland á þeim bolta eftir frumkvæði undanfarin ár og er stefnt að því að Íslandi haldi áfram að leiða það samtal, bæði við önnur ríki sem og OHCHR, þar sem þekkingin er einkum til staðar, með það að marki að ákvörðun verði tekin um næstu skref, með áherslu á að Filippseyjar starfi með mannréttindafulltrúanum að bæta ástand mannréttinda í landinu.	a) Telst að fullu uppfyllt. Ráðherra hélt áfram að leggja áherslu á það í ávarpi sínu í mannréttindaráðinu í lok febrúar 2019 að ríki eins og Filippseyjar (aðildarríki ráðsins) yrðu að sýna gott fordæmi í mannréttindamálum; hafði Ísland áður þrívægis flutt sameiginlegar yfirlýsingar næstum 40 ríkja í ráðinu um mannréttindaástand á Filippseyjum. Parlend stjórnvöld hunsuðu öll tilmæli í þá veru að bjóða óháðum sérfræðingum mannréttindaráðsins í heimsókn. Í sumarlotunni 2019 lagði Ísland því fram og fékk samþykka ályktun um málið; en ráðherra hafði einnig í ávarpi sínu í ráðinu 2018 bent á að til þessa kynni að þurfa að koma.
b) Ísland haldi áfram að tala skýrt og skorinort um stöðuna í Sádi-Arabíu og taki jafnvel frekara frumkvæði, t.d. hvað varðar stöðuna í Jemen.	b) Telst að fullu uppfyllt. Ísland hafði frumkvæði að og flutti sameiginlega yfirlýsingu 36 ríkja um mannréttindaástand í Sádi Arabíu í mars 2019. Studdi ennfremur sameiginlegt ávarp Ástralíu í september 2019. Tók jafnframt þátt í umræðum um Jemen og studdi ályktanir um mannréttindaástand þar í september 2018 og september 2019. Ráðherra sótti framlagaráðstefnu á vegum mannúðarstofnana SP í Genf í lok febrúar 2019.

5. Taka virkan þátt í jafningjarýni (allsherjarúttekt) SP (UPR).

Öll ríki Sameinuðu þjóðanna undirgangast á fimm ára fresti svokallaða jafningjarýni mannréttindaráðsins og geta þá önnur aðildarríki lagt fram tilmæli til þeirra. Ísland hefur tekið aukinn þátt og verður tryggt að svo verði á meðan á setu í ráðinu stendur. UPR hafi reynt gagnlegur vettvangur og sé kannski sá hluti starfsemi Mannréttindaráðsins sem erfiðast er að gagnrýna. Hvað Ísland varðar skapar jafningjarýnin vettvang til að taka upp mannréttindamál við ríki sem Ísland hefur öllu jafna ekki tækifæri til að gera.

Aðgerðir til að ná markmiðum	Árangur
a) Ísland haldi áfram að taka mjög virkan þátt í jafningjarýninni og taka þátt í fyrirtöku sérhvers ríkis. Leitast verði við að taka ávallt um kynjajafnrétti, dauðarefsingu og réttindi LGBTI einstaklinga.	a) Telst að fullu uppfyllt – Ísland tók þátt í öllum fundalotum UPR-ferlisins á tímabilinu og tók til máls í fyrirtökum allra þeirra ríkja sem komu til umfjöllunar (56 talsins). Lögð var áhersla á að beina sjónum að stöðu kynjajafnréttis og réttinda LGBTI-einstaklinga og var eftir því tekið að ekkert ríki lagði fram jafn mörg tilmæli um LGBTI-réttindi en Ísland á árinu.
b) Ísland mun eiga virkt samráð fyrir frjáls félagsamtök til að tryggja að rýnin hafi sem mest gildi fyrir mannréttindi í hverju landi. Að auki mun Ísland vera í samræmingarteymi (Troiku) fyrir eitt ríki í hverri lotu sem gefur Íslandi aukinn sýnileika í UPR ferlinu.	b) Telst að fullu uppfyllt; Ísland hafði gott samráð við frjáls félagsamtök í aðdraganda hverrar fundalotu UPR-ferlisins. Ísland var einnig í samræmingarteymi fyrir Jórdaníu í nóvember 2018, Afganistan í janúar 2019, Miðbaugs Gíneu í maí 2019 og Kasakstan í nóvember 2019. .

6. Sýna áhrif menningar og lista á baráttuna fyrir mannréttindum.

Listir og listamenn og hafa oft á tíðum verið tengd við baráttuna fyrir mannréttindum. Hvort það sem það er tónlist, myndlist, ljósmyndir eða önnur form þá hefur list bæði verið notuð til koma upplifun okkar til skila á óréttlæti og til að setja fram sýn okkar á betri heim þar sem mannréttindi eru allra.

Aðgerðir til að ná markmiðum	Árangur
Sett verður upp sérstök sýning í bústað fastafulltrúa um mitt ár 2019 um tengsl mannréttinda og lista með sýningaskrá og opnun þar sem öll verkin munu setja fram spurningar sem snerta grunnildi og mannréttindi, virðingu og reisn. Mun sýningin hafa það markmið að sýna fram á áhrif lista á baráttuna fyrir mannréttindum.	Telst að fullu uppfyllt. Sýningin var sett upp í október 2019 í bústað fastafulltrúa með verkum sex íslenskra listamanna. Mun hún vera færð til höfuðstöðva Sameinuðu þjóðanna í Genf í febrúar 2020.

Jafnrétti og valdefling kvenna

7. Kynna íslenska jafnlaunastaðalinn og hvetja önnur ríki til að grípa til aðgerða til að tryggja jöfn laun kynjanna.ⁱ

Júní-fundalota mannréttindaráðsins er jafnan tileinkuð jafnréttismálum og er m.a. einn dagur tekinn sérstaklega frá til að ræða jafnréttismál. (Annual Full Day Discussion on the Human Rights of Women).

Einnig eru ályktanir tengdar jafnréttismálum alla jafna lagðar fram í þessari fundar lotu og sérfræðingar í jafnréttismálum sækja lotuna af þeim sökum mjög gjarnan. Rétt er því að setja jafnréttismál mjög á oddinn í júní-lotunni og tjalda því sem til er í þeim efnum.

Aðgerðir til að ná markmiðum	Árangur
a) Forsætisráðherra tæki þátt í árlegri umræðu um jafnréttismál í mannréttindaráðinu með því að flytja framsögu með áherslu á jafnrétti og þá sérstaklega jafnlaunastaðalinn.	a) Telst uppfyllt – forsætisráðherra tók þátt á þeim forsendum sem lagt var upp með.
b) Forsætisráðherra tæki einnig þátt í panel mannréttindaráðsins um jafnréttismál ef færi gefst og skipulagður yrði hliðarviðburður (side-event) í samstarfi við ILO og UN Women um jafnlaunastaðalinn.	b) Telst uppfyllt í meginráttum – forsætisráðherra tók þátt á þeim forsendum sem lagt var upp með. Ekki varð hins vegar úr að halda hliðarviðburð, eins og að hafði verið stefnt.
c) Fastafulltrúi bjóði til þjóðhátíðarmóttöku og haldi hádegisverð með völdum aðilum til heiðurs forsætisráðherra og til að tala fyrir jafnlaunastaðlinum.	c) Telst uppfyllt í meginráttum – forsætisráðherra opnaði sýningu er sýndi tengsl mannréttinda og loftlagsbreytinga í húsakynnum SP í Genf og var um leið um þjóðhátíðarmóttöku að ræða. Enginn hádegisverður var hins vegar haldinn.
d) Í samstarfi við UN Women og ríki í EPIC hópnum (Equal Pay International Coalition) mun Ísland leggja fram ályktun um mikilvægi þess að bæði kyn fái sömu laun fyrir sömu vinnu, sem og að ákveðinn dagur verði tileinkaður baráttunni fyrir jöfnum launum, auk þess sem ríki verði hvött til dáða í málaflokknum.	d) Telst að fullu uppfyllt. Samþykkt var framhaldsályktun í allsherjarþingi SP í desember 2019 um að 18. september verði hér eftir þekktur sem dagur baráttunnar fyrir jöfnum launum.

8. Styðja aðgerðir til að draga úr ofbeldi gegn konum.ⁱⁱ

Ár hvert (í júní-lotunni, sbr. ofansagt) leggur Kanada fram ályktun um ofbeldi gegn konum sem Ísland styður hefðbundið og er ár hvert nýtt efni til umræðu. Ísland þarf að leggja sérstaklega á árarar núna sem aðildarríki ráðsins.

Aðgerðir til að ná markmiðum	Árangur
Ísland styðji með virkum hætti umrædda ályktun Kanada um ofbeldi gegn konum, m.a. með það að sjónarmiði að leggja áherslu á fjölþætta nálgun að forvörnum, vernd, málsókn brotamanna og stuðningsþjónustu. Yrði þetta gert m.a. með þeim hætti að Ísland tæki að sér umboðshlutverk í ráðinu sumarið 2019 fyrir Kanada sem ekki á sjálft sæti í mannréttindaráðinu nú um stundir.	Að fullu uppfyllt á grundvelli samkomulags við Kanada, Ísland m.a. varði ályktunina þremur breytingartillögum sem var öllum hafnað af ráðinu.

9. Hvetja til þátttöku karla og drengja í jafnréttisstarfi.ⁱⁱⁱ

Ísland haldi áfram að færa umræðuna um jafnrétti inn á svið þar sem hefðbundið starfa fleiri karlar en konur.

Tvær rakarastofuráðstefnur hafa þegar verið haldnar í Genf í tengslum við mannréttindaráðið og hlutu þær mjög góðar viðtökur. Áfram verði haldið vinnu á þeim grunni.

Aðgerðir til að ná markmiðum	Árangur
a) Ísland skipuleggi ráðstefnu um jafnrétti og viðskipti á vettvangi WTO. Mun niðurstaða þessa starfs vera kynnt á fundi ráðsins í nóvember 2019 um tengsl mannréttinda og viðskipta en fundurinn fer fram í nóvember hvert ár.	a) Uppfyllt að hluta. Ísland hefur leitt í samstarfi við Botswana, UNCTAD, WTO og ITC sérstakan átakshóp um jafnrétti og viðskipti og hélt m.a. ráðstefnu um mikilvægi jafnréttis í friverslunarsamningum á vettvangi WTO. Ekki reyndist hins vegar mögulegt að tengja þetta starf við mannréttindaráðsins eins og lagt var upp með.
b) Leita samstarfs við frjáls félagasamtök sem starfa á þessum vettvangi og skrifstofu mannréttindafulltrúa SP (OHCHR) og ræða hvernig er hægt að vinna að næstu skrefum tengt ályktuninni um ofbeldi gegn konum (Kanada) sem samþykkt var 2016 en hún m.a. setti fram að það ætti að vinna skýrslu um málaflokkinn sem hægt væri að kynna bæði í Genf og New York með fókusi á þátt karla og drengja.	b) Ekki uppfyllt, þarfnast frekari umfjöllunar sem ekki reyndist mögulegt að koma við á þeim tíma sem Ísland var í ráðinu.

10. Stuðla að því að jafnréttismál séu tekin upp sem víðast, með áherslu og á kyn- og frjósemisheilbrigði og réttindi.

Ísland verði mjög sýnilegt í þessum málum í samræmi við orðspor sitt. Sem flest tækifæri verði gripin til að taka þátt í atburðum, sem haldnir eru um þessi mál.

Aðgerðir til að ná markmiðum	Árangur
a) Ísland leitist við að taka upp jafnréttismál hvar sem því verður við komið til að styðja samþættingu jafnréttissjónarmiða á bæði formlegum og óformlegum fundum ráðsins. Verður þar sérstaklega lagt áhersla á mikilvægi kyn- og frjósemisheilbrigðis og réttinda.	a) Telst að fullu uppfyllt. Fulltrúar Íslands töluðu ætíð um jafnréttismál eða tóku upp jafnréttisvinkla í ræðum sínum í umræðum þegar þess var nokkur kostur.
b) Yrði þetta gert m.a. með þeim hætti að Ísland tæki að sér umboðshlutverk í ráðinu haustið 2018 fyrir Nýja Sjáland sem ekki á sjálft sæti í mannréttindaráðinu nú um stundir; en hefur jafnan lagt fram ályktun um mæðradauða.	b) Telst að fullu uppfyllt. Ísland tók að sér að bera upp ályktun Nýja Sjálands og annarra um mæðradauða. Þar var lögð áhersla á kyn og frjósemisheilbrigði- og réttindi og lögðu Egyptar og Rússar fram tillögu til að fjarlægja kynfræðslu úr textanum. Bað Ísland um atkvæðagreiðslu á þeirri breytingartillögu og var henni hafnað afgerandi.

Virðing fyrir réttindum LGBTI-einstaklinga

11. Tala fyrir réttindum LGBTI-einstaklinga.^{iv}

Tala skýrt og skörinort um málefni LGBTI bæði í Genf sem og heima fyrir og eiga gott samstarf og samráð við viðeigandi aðila og samtök heima og heiman.

Aðgerðir til að ná markmiðum	Árangur
a) Ísland mun taka upp málefni LGBTI-einstaklinga hvar sem því verður komið við, með ræðum og innslögum, og halda málefnum LGBTI einstaklinga á lofti í starfi mannréttindaráðsins.	a) Telst að fullu uppfyllt. LGBTI-mál voru tekin upp í öllum UPR-ávörpum Íslands og málefni hinsegin fólks tekin upp í landaumræðum, þegar ástæða þótti til. Þá studdi Ísland á virkan hátt við endurnýjun umboðs óháðs sérfræðings um málefni hinsegin fólks sumarið 2019.
b) Ráðherra geri LGBTI-mál að umtalsefni í ræðu sinni í febrúar-lotunni (auk umbóta/reform). Tilkynni m.a. um fjárhagsstuðning (sjá 12C).	b) Telst að fullu uppfyllt. Ráðherra tók m.a. upp málefni LGBTI í sínu ávarpi í lok febrúar 2019 – og tilkynnti sumarið 2019 um fjárstuðning til UN Free & Equal.
c) Ísland efni til umræðu um gildi þess að komið sé á sérstökum kjarnahópi (core group) í Genf um málefni LGBTI; til að halda sameiginlega atburði og samræma starf ríkja hvað varðar LGBTI einstaklinga. Slíkur hópur hefur verið starfandi í New York.	c) Ekki uppfyllt. Vegna þeirrar áherslu sem lögð var á endurnýjun umboðs sérstaka fulltrúans um ofbeldi gegn LGBTI einstaklingum þá var lítið rými í Genf fyrir slíka umræðu. Væri hægt að taka upp 2020.

12. Styðja starf SP í málefnum LGBTI-einstaklinga.^v

Starf Sameinuðu þjóðanna í málefnum LGBTI einstaklinga hefur tekið stakkaskiptum síðastliðinn áratug. Áður var eingöngu vísað til samkynhneigðar í samhengi við HIV/AIDS en nú hefur verið komið á fót sérstakri herferð sem ber nafnið „United Nations Free and Equal campaign“. Fyrir örfáum árum var einnig skipaður fyrsti fulltrúi ráðsins um ofbeldi gegn LGBTI-einstaklingum (Independent Expert on sexual orientation and gender identity) og markaði það tímamót. Ísland styðji hann áfram með ráðum og dád og vinni þannig málaflöknum lið, en varpi um leið ljósi á áherslur íslenskra stjórnvalda heima fyrir og framsækni í þessum málaflökki.

Aðgerðir til að ná markmiðum	Árangur
a) Ísland bjóði sérstaka fulltrúanum til Íslands (Independent Expert on sexual orientation and gender identity) fyrri part 2019 til að kynna starfi Íslands í málaflöknum. Við sama tilefni yrði skipulagður sérstakur atburður um starf hans byggt á umboði hans frá mannréttindaráðinu á Íslandi.	a) Telst að fullu uppfyllt. Óháði sérfræðingurinn, Victor Madrigal-Borloz, heimsótti Ísland 2-3. September og hitti m.a. að máli biskup Íslands, sérfræðinga úr heilbrigðisgeiranum, sem og forsvarsmenn Samtakanna 78. Þá fundaði hann með utanríkisráðherra og sat einnig reglubundinn samráðsfund NB8-ríkjanna um mannréttindamál, sem var haldinn í Reykjavík sömu daga. Þá hélt hann opinberan fyrirlestur á vegum Alþjóðamálastofnunar og UTN.
b) Ísland styðji dyggilega við að umboð sérstaka fulltrúa verði endurnýjað þegar það kemur fyrir mannréttindaráðið sumarið 2019.	b) Telst að fullu uppfyllt, sjá frekari umfjöllun í skýrslu.
c) Ísland gerist fjárhagslegur stuðningsaðili Free & Equal verkefnisins og þess starfs sem mannréttindafulltrúinn vinnur í þeim efnum.	c) Telst að fullu uppfyllt, sbr. fréttatilkynningu: stjorn-arradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2019/06/23/Threthan-milljonum-varid-til-verkefnis-Sth-til-studnings-hinsegin-rettindum

13. Auka samstarf við önnur ríki um réttindi LGBTI-einstaklinga.^{vi}

Equal Rights Coalition var stofnað til 2016 en það voru Úrúgvæ og Holland sem áttu frumkvæði að stofna hópinn. Kanada og Chile eru núverandi forysturríki hópsins. Ísland gekk í hópinn í Washington í mars 2018 og eiga nú rúmlega 40 ríki aðild að honum; en aðeins eitt Afríkuríki (Grænhöfðaeyjar) enn sem komið er.

Aðgerðir til að ná markmiðum	Árangur
Ísland mun í samstarfið við núverandi formenn hópsins og samræmi við punkt 11 leggja til að haldinn verður fundur hópsins og rætt hvernig hægt sé að tengja starf hans betur við það starf sem fer fram í Genf, t.d. í gegnum jafningarárnina svonefndu.	Ekki að fullu uppfyllt. Samráð á vegum Equal Rights Coalition hefur verið fremur óformlegt en hefur þó m.a. nú flutt ræður í mannréttindaráðinu. Hins vegar eins og bent var á vegna þeirrar áherslu sem lögð var á endurnýjun umboðs sérstaka fulltrúans um ofbeldi gegn LGBTI einstaklingum þá var lítið rými í Genf fyrir frekari umræðu um stefnumótun fyrir LGBTI samstarf. Rétt að taka fram að Bretland og Argentína tóku við forystu í bandalaginu snemma árs 2019.

Réttindi barna og ofbeldi gegn börnum**14. Styðja aðgerðir gegn ofbeldi gegn börnum.^{vii}**

Taka virkan þátt í umræðum um málefni barna, einkum í mars-lotu ráðsins. Ísland er hefðbundið stuðningsríki ályktana og yfirlýsinga gegn ofbeldi gegn börnum. Er þar meðal annars um að ræða ályktanir ESB/GRULAC bæði í Genf og New York um réttindi barnsins, ályktun hóps ríkja undir forystu Kanada og Zambíu um barnaburðir og Afríku-hópsins um FGM (Female Genital Mutilation).

Aðgerðir til að ná markmiðum	Árangur
Fastanefndir í New York og Genf styðji ályktanir (Rights of the Child, FGM, CEFM) bæði með því að verja þá á samningafundum (ESB ríki geta t.d. ekki varið textann um Rights of the child þar sem þau leggja hann fram) og að fastanefndirnar beiti sér fyrir framsæknum ályktunum um þessi málefni með því að leggja fram textatillögur þess efnis. Einnig verði talað fyrir því að nálgunin á milli New York og Genf verði stillt af til að auka vægi ályktunarinnar um réttindi barnsins.	Telst að fullu uppfyllt. Bæði fastanefndir í New York og Genf studdu umræddar ályktanir og lögðu áherslu á réttindi barna og stúlkna sérstaklega. Var einnig sérstaklega tala fyrir því að samspil á milli vinnunnar í New York og Genf yrði aukið og munu fastanefndirnar halda áfram að tala fyrir því.

15. Kynna starf Íslands fyrir barnvænu réttarkerfi.^{viii}

Vekja athygli á aðgerðum sem Ísland hefur gripið til hvað varðar vernd barna sem eru í réttarkerfinu, einkum og sér í lagi Barnahús.

Aðgerðir til að ná markmiðum	Árangur
Haldinn verði sérstakur hliðaratburður um Barnahús og þá nálgun sem hún felur í sér. Atburðinn yrði haldinn í tengslum við umræðuna um málaflökkinn í mars-lotunni.	Telst að fullu uppfyllt. Sérstakur hliðaratburður fór fram í mars-lotunni með þátttöku félags- og barnamálaráðherra, sem og Braga Guðbrandssyni, fyrrum forstöðumanni Barnahúss, en hann er nú meðlimur Barnaréttarnefndar SP.

16. Hvetja til samstarf þvert á stofnanir þegar kemur að barnaverndarmálum sem hafa rétt barna að leiðarljósi.^{ix}

Tengja saman þræði við UNICEF á Íslandi og sveitarfélögin og kynna gott starf sem unnið er á Íslandi; en UNICEF á Íslandi hefur verið að þróa með sveitarfélögum leiðir til að kynna börnum réttindi þeirra og auka skilning á þörfum barna.

Aðgerðir til að ná markmiðum	Árangur
Skipulagður verður hliðaratburður í samstarfi við UNICEF á Íslandi og í New York/Genf um um samstarf þvert á stofnanir. Hér væri hægt að ræða bæði samstarf um snemmtæka íhlutun og samstarf mismunandi ráðuneyta hvað það varðar, en einnig það starf sem hefur verið unnið um barnvæn sveitarfélög.	Telst uppfyllt að hluta. Félagsmálaráðherra talaði þannig fyrir hönd NB8 ríkanna um mikilvægi slíks samstarf þvert á stofnanir í málefnum barna með fötlun í sérstakri umræðu um réttindi barna í ráðinu í mars lotu þess.
Atburðurinn verður þróaður nánar með UNICEF og væri hægt að halda í júní-lotunni með þátttöku forsætisráðherra eða í september-lotu með þátttöku velferðarráðherra.	Ekki tókst hins vegar að koma við hliðarviðburðinum að þessu sinni.

Skilvirkt og árangursríkt mannréttindaráð (e. reform)

17. Sýna fram á getu smárikja að taka þátt í starfi mannréttindaráðsins og undirstrika mikilvægi þátttöku þeirra.

Smárikja hafa átt erfitt uppdráttar í mannréttindaráðinu og er Ísland minnsta ríkið til að taka sæti í ráðinu. Er mikilvægt að Ísland sé sýnilegt, nálgað mikilvæg málefni af festu og málefnalega og veki athygli á því að enn eigi 100 ríki eftir að taka sæti í ráðinu.

Aðgerðir til að ná markmiðum	Árangur
a) Ísland mun verða fulltrúi WEOG hópsins í „Bureau“ ráðsins og fastafulltrúi vera einn varaforseti ráðsins frá og með áramótum. Er þetta bæði mjög sýnilegur fulltrúi smárikja í ráðinu en ekki síst mikilvægt trúnaðarhlutverk að starfa í umboði hópsins í stjórn ráðsins.	a) Telst að fullu uppfyllt. Þess má einnig geta að Fíji var einnig varaforseti og því tvö smárikja mjög sýnileg að þessu sinni.
b) Varðandi skipan ráðsins þá standi Ísland fyrir umræðu um mögulega kosti í stöðunni, sem hljóta að vera aukin áhersla á að sem oftast sé kosið milli ríkja (ólíkt síðustu kosningu í október 2018) eða eins konar rotation-kerfi; en hið síðarnefnda er heppilegra ef tryggja á að smárikja taki sæti í ráðinu reglulega.	b) Telst að fullu uppfyllt. Ráðherra ræddi rotation í ræðu sinni í mars 2019 og embættismenn hafa leitt svipaða umræðu í bæði formlegu og óformlegu samráði; s.s. á vettvangi Norðurlandanna.

18. Styðja og hvetja til endurbóta á starfsháttum mannréttindaráðsins.^x

Umræða um endurbætur á starfsháttum ráðsins hafa verið mjög háværar undanfarið tengd afstöðu Bandaríkjanna til ráðsins, sérstaklega er rætt um dagskrárlið ráðsins um Ísrael/Palestínu (item 7) í því sambandi – en breytingar í þeim efnum munu aldrei nást nema með mikilli lagfi og því þarf að byggja brýr. Með þeim hætti mun Ísland beita sér. Á hinn bóginn verði einnig talað skýrt og skorinort um gallana sem fyrir hendi eru.

Aðgerðir til að ná markmiðum	Árangur
a) Fastanefnd beiti sér í ræðum og samtölum við aðra fyrir því að ráðið verði endurskoðað sem fyrst. Áhersla verði á að samstaða náist um sterkara ráð með sterkari áherslu á mannréttindi. Mikið starf er þegar í gangi undir forystu forseta ráðsins og mun fastanefnd í Genf leita leiða til að styðja þetta starf.	a) Telst að fullu uppfyllt. Ráðherra tók m.a. þátt í sérstökum hádegisverði Dana í mars 2019 um umbætur á ráðinu. Fastafulltrúi hefur einnig leitt með fastafulltrúa Rúanda óformlegt samráð um endurbætur á ráðinu sem hluti af hlutverki hans sem einn af varaforsetum ráðsins. Því ferli lauk með samþykkt yfirlýsingu ráðsins sem gerir ráð fyrir breyttum vinnuaðferðum og skipulagi funda ráðsins sem mun leiða til u.þ.b. 12% fækkun funda án þess að draga úr skilvirkni ráðsins. Engar breytingar hafa náðst fram um dagskrárlið 7 en Ísland hefur talað skipulega fyrir þeim og mun halda því áfram.
b) Ráðherra tali í febrúar-lotunni skýrt um afstöðu sína til skipunar ráðsins (membership), m.a. með skírskotun til veru Sádi-Arabíu, Filippseyja og Venesúela í ráðinu (og endurkjörs ríkja eins og Filippseyja).	b) Telst að fullu uppfyllt, sbr. ræðu þá sem ráðherra flutti.

19. Efla samráð og samstarf þriðju nefndar allsherjarþings SP og mannréttindaráðsins.^{xi}

Algengasta gagnrýnin á hendur HRC er sú að mikil skörun sé á vinnu þess og þriðju nefndar allsherjarþingsins. Einnig að nær þriðjungur ályktana HRC og þriðju nefndar séu nær samhljóða á meðan annar þriðjungur skarist umtalsvert.

Aðgerðir til að ná markmiðum	Árangur
Ísland mun starfa með við Universal Rights Group (URG) og vekja athygli á starfi þess hvað varðar samspil í Genf og New York. Verður eftir því sem við á skipulagðir atburðir, ríkjafundi og tvihlíða fundir með þeim ríkjum sem eru með ályktanir bæði í New York og Genf.	Telst að fullu uppfyllt. Ísland var eitt þeirra ríkja sem studdu ráðstefnu Universal Rights Group (URG) og Sviss um framtíð ráðsins, svo kölluð Glion ráðstefna sem haldin var í maí 2019. Skipulögðu fastanefndir Íslands í Genf og New York með URG sérstakan fund í New York um samspil New York og Genfar um endurbætur á ráðinu en um algjört nýmæli var að ræða. Fastanefnd Íslands í NY hefur einnig skipulagt fundi með URG m.a. um nýja meðlimi mannréttindaráðsins bæði haustið 2018 og 2019. Hvað varðar skörun ályktana þá er í gangi sérstakt ferli í Genf þar sem farið er yfir þær ályktanir sem eru hefðbundnar og mætti skipuleggja betur til að m.a. forðast skörun við New York.

Áhrif umhverfisbreytinga, þ.m.t. loftslagsbreytinga, á mannréttindi

20. Styðja aðgerðir til að takast á við áhrif umhverfismála á mannréttindi og öfugt, þ.m.t. loftslagsbreytingar.^{xii}

Því miður er umræða um samspil mannréttinda og umhverfismála takmörkuð á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og í mannréttindaráðinu. Hafa sum lönd úr suðri reynt að breyta því en hafa oft ekki hlotið mikinn hljómgrunn. Ísland leggist á árarinnar með þeim.

Aðgerðir til að ná markmiðum	Árangur
Leita samstarfs við Frakka, Fiji og önnur líkt þenkjandi ríki að reglulegri ályktun- um áhrif umhverfis og loftslagsbreytinga á mannréttindi verði styrktur svo fleiri ríki geti gerst meðflutningsaðilar. Á þann hátt sé styrkari stoðum rennt undir umræðu ráðsins um mála-flokkinn og væri t.d. þar hægt að ýta áfram umræðu um rétt til umhverfis.	Telst uppfyllt að hluta. Gott samtal hefur átt sér stað á meðal líkt þenkjandi ríkja um málaflokkinn og hvernig hægt sé að vinna þessum málaflokki fylgi. Hafa loftslagsbreytingar þannig verið ræddar í ráðinu í ár af fjölda ríkja, m.a. af forsætisráðherra sem tók umhverfismál upp í ræðu sinni í júní 2019 og hvatti ráðið til að viðurkenna réttinn til heilnæms umhverfis. Ekki tókst hins vegar að hafa áhrif á umrædda ályktun Bangladesh og Filippseyja og þarf því að leita annarra leiða til að ýta áfram þessari umræðu.

21. Tala fyrir því þátttöku almennings í umhverfismálum.^{xiii}

Nálgun að umhverfismálum á til að vera út frá samfélagslegum sjónarmiðum og auka þarf skilning á hlutverki og ekki síst ábyrgð og réttindum einstaklinga í því samhengi. Fyrir atbeina listamanna tekst oft vel að vekja athygli á þessu samspili og mikilvægi aðgerða.

Aðgerðir til að ná markmiðum	Árangur
Sett verður upp sérstök sýning í bústað fastafulltrúa undir nafninu „Changes“ með sýningaskrá og opnun þar sem verkin munu tengja sjálfbærni og siðferðisleg álitæfni tengt þróun samfélaga. Mun hún vera bakgrunnur í atburðum sem fastafulltrúi heldur, t.d. fyrir mannréttindafulltrúann, í tilefni sjálfstæðisafmælisins og svo framvegis með því markmiði að hvetja þá sem hana sjá til umhugsunar um þátt sinn og hvetja þá til breytinga og þátttöku.	Telst að fullu uppfyllt. Sýningin var fyrst sett upp í bústað fastafulltrúa en svo færð til höfuðstöðva Sameinuðu þjóðanna í júní 2019. Forsætisráðherra opnaði síðan sýningu með hvatningu um að allir létu sig þessi mál varða.

22. Styðja aukna vernd þeirra sem berjast fyrir mannréttindum tengdum umhverfismálum.^{xiv}

Þeir sem berjast fyrir mannréttindum verða oft fyrir barðinu á þeim sem eru ósammála eða telja baráttu þeirra óþægilega og eiga slíkir aðilar undir mikla högg að sækja. Er því mikilvægt að sýna fram á að alþjóðasamfélagið metur baráttu þeirra og þegar ríki brjóta á réttindum þeirra að eftir því sé tekið.

Aðgerðir til að ná markmiðum	Árangur
Ísland og Norðurlöndin hafa stutt Noreg þegar kemur að reglulegum ályktunum um Human Rights Defenders (HRDs) bæði í New York og Genf. Í mars 2019 mun Noregur leggja ályktunina aftur fram og mun þema hennar snúa að þeim sem berjast fyrir umhverfisréttindum. Ísland mun styðja Noreg bæði með hliðarviðburði og ræðum en einnig vera eitt þeirra ríkja sem starfar fyrir Noreg í ráðinu í mars 2019 (proxy) en Noregur er ekki meðlimur í ráðinu.	Telst að fullu uppfyllt. Ísland var þannig fulltrúi Noregs í ráðinu þegar þessi mikilvæga ályktun var samþykkt í ráðinu.

Tilvísanir í stefnuskjal (Voluntary Commitment)

- i. Í texta yfirlýsingar (voluntary commitment) stóð eftirfarandi: Continue working on the implementation of its groundbreaking equal pay law and certification programme with the aim of achieving equal pay for work of equal value in Iceland by 2022. Iceland will also promote a multitude of action both domestically and internationally to achieve equal pay, including through its work with ILO and UN Women as a part of the Equal Pay coalition (EPIC);
- ii. Contribute actively to the elimination of all forms of violence against women and girls, internationally and nationally, including physical, sexual, emotional and economic violence, sexual exploitation, female genital mutilation and child, early and forced marriage. This demands a multilayered approach of prevention, protection, prosecution and provision of services. Iceland will continue developing educational programmes to prevent violence against women while also reviewing the justice system's response in order to build up a stronger justice system that works for women;
- iii. Promote the engagement of men and boys in the achievement of gender equality for the benefit of all. As a part of Iceland's role as a HeforShe champion, we will address gender stereotypes and harmful masculinities and work to promote the recent groundbreaking text of the Human Rights Council on engaging men and boys in preventing and responding to violence against women and girls.
- iv. Continue to advance and advocate for the rights of LGBTI individuals. Iceland tops the index when it comes to LGBTI social acceptance, according to a study by the OECD from 2017. Recently, domestic funding for LGBTI issues has been doubled and an ambitious legislation on gender identity recognition is in the pipelines;
- v. Continue to and increase support to the historic mandate of the Independent Expert on protection against violence and discrimination based on sexual orientation and gender identity, as well as the United Nations Free and Equal campaign;
- vi. Contribute to the work of the Equal Rights Coalition that Iceland joined earlier this year, strengthen cooperation between countries in advancing LGBTI rights and share information about how best to advance the human rights and inclusion of LGBTI people worldwide.
- vii. Continue to support initiatives aimed at eliminating all forms of violence against children, in particular efforts aimed at eliminating sexual exploitation and sexual abuse and harmful practices such as female genital mutilation and child, early and forced marriage;
- viii. Contribute to securing the full rights of children and promoting child friendly justice systems in the administration of justice. Iceland would promote innovative approaches to securing the best interest of the child in justice systems while ensuring the principle of due process;
- ix. Promote multiagency and child-friendly approaches to child protective services. Traumatic childhood experiences can have devastating consequences for the mental and physical health of children. Early detection and appropriate interventions, as well as applying evidence-based procedures aimed at enhancing protective measures are crucial for mitigating such impacts on children.
- x. Work towards a more efficient and effective Human Rights Council with the primary objective of allowing the Council to fulfill its mandate to strengthen the promotion and protection of human rights around the globe and to address situations of human rights violations;
- xi. Promote coherence and complementarity between the Human Rights Council and the Third Committee of the General Assembly by supporting increased dialogue between the two bodies on overlap and complementarity in their work.
- xii. Address the serious impact and challenges of environmental change, including climate change, on human rights, and implications of the responses taken have on the enjoyment of human rights;
- xiii. Promote the public awareness and participation in environmental decision-making as a means to empower individuals and communities to positively impact their environment and contribute to sustainable development;
- xiv. Address the importance of the protection of environmental human rights defenders whom increasingly face unprecedented risks and endure grave violations.



Stjórnarráð Íslands Utanríkisráðuneytið

Ísland í mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna

Utanríkisráðuneytið
Rauðarárstíg 25
105 Reykjavík

Mynd á forsíðu: Fundarsalur mannréttindaráðsins í Genf UN Photo/Violaine Marti.
Aðrar myndir: AFP, Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, UN Photo/Evan Schneider, Utanríkisráðuneytið.

ISBN: 978-9935-9149-7-2

stjornarradid.is | utn@utn.is

Febrúar 2020

Ísland í
mannréttindaráði
Sameinuðu þjóðanna